



Áhrif uppeldisaðferða á menntun barna

„Þau virtust alltaf vera upptekin ef það var eitthvað um að vera í skólanum“

Valgerður Erla Óskarsdóttir

Maí 2020

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Kennslu- og menntunarfræðideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Áhrif uppeldisaðferða á menntun barna

„Þau virtust alltaf vera upptekin ef það var eitthvað um að vera í skólanum“

Valgerður Erla Óskarsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed-prófs í Grunnskólakennsla yngri barna

Leiðbeinandi: Halla Jónsdóttir

Deild kennslu- og menntunarfræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Maí 2020

Áhrif uppeldisaðferða á menntun barna: „Þau virtust alltaf vera upptekin ef það var eitthvað um að vera í skólanum“

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed-prófs
í Grunnskólakennslu yngri barna, við Deild kennslu- og menntunarfræði
á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2020, Valgerður Erla Óskarsdóttir

Lokaverkefni má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi höfundar.

Formáli

Fyrir mörgum árum síðan kynntist ég stelpu, við urðum strax góðar vinkonur þó við værum mjög ólíkar. Við sáum hlutina alltaf frá sitthvoru sjónarhorninu. Hún var mjög kærulaus á meðan ég var frekar gagnrýn á hluti sem henni fannst skipta litlu máli. Hún fór alltaf auðveldu leiðina og líkaði það vel. Við vorum aldar upp við ólíkar aðstæður, uppeldið sem hún fékk var meira í átt að vanrækslu á meðan ég ólst upp við reglur og meiri aga en hún þekkti.

Árin liðu og sambandið okkar minnkaði og minnkaði. Hún menntaði sig aldrei, vann lítið sem ekkert og skorti allan metnað til að gera betur. Hún leiddist að lokum út í mikla óreglu. Ég velti því fyrir mér þá og nú hvort uppeldið hafði þessi áhrif á okkur, það að við færum í sitthvora áttina með ólíka sýn á lífið. Mig langaði að skoða þetta nánar út frá áhuga foreldra á námi barna sinna og hverjar afleiðingar áhugaleysisins gætu orðið.

Í dag er ég umsjónarkennari á yngsta stigi og hef kynnst mörgum nemendum, sum hver búa hjá foreldrum sem sinna ekki heimanámi þeirra, láta þá ekki lesa heima né mæta þeir á viðburði skólans. Ég sé gömlu vinkonu mína í sumum af þessum nemendum. Það er mín von að ég geti með einhverjum hætti hjálpað þessum nemendum og hvatt foreldra þeirra til að sjá mikilvægi þeirra í námi og framtíð barna sinna. Velferð nemenda minna og allra barna er mér mikilvæg og ég vona að ég nái með einhverju móti að varpa ljósi á hvaða slæmu áhrif áhugaleysi foreldra getur haft á börn þeirra.

Elsku Leif Magnús, þú hefur verið í huga mér við þessi skrif, þú kaust að klára ekki skólann og fara annan veg en menntavegin. Það var kannski fyrir bestu því þú varst að gera það sem þú elskaðir. Ég vil þakka Binna, Malín Erlu og Kára Kristni fyrir allan þann stuðning sem þau hafa veitt mér á þessum tímum og þá þolinmæði sem mér hefur verið sýnd af þeirra hálfu við skrifin og í náminu í heild sinni.

Að lokum vill ég þakka Höllu leiðbeinandanum mínum fyrir ráðgjöf og hjálp síðustu mánuði. Sérfræðingur verkefnisins er Gunnar E. Finnbogason.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum/undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands*. Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, 30. maí 2020

Valgerður Erla Óskarsdóttir

Ágrip

Markmið þessarar rannsóknar er að skoða áhrif afskiptaleysis foreldra eða forráðamanna á námsárangur og námsferil barna. Einnig verður skoðað hver eru áhrif áhuga- eða afskiptaleysis til lengri tíma hvað menntun og starfsframa varðar. Þátttakendur í rannsókninni eru 6 talsins, sem eiga það sameiginlegt að hafa upplifað afskiptaleysi af ýmsum toga af hendi foreldra, bæði almennt afskiptaleysi og sér í lagi gagnvart námsferli þeirra.

Gögnum er safnað með viðtölum við hvern einstakling fyrir sig með því að nota eigindlega tilviksrannsókn. Rannsóknarspurningin sem leitast verður eftir að svara er: Hvaða áhrif geta foreldrar haft á námsárangur barna sinna með skorti á þátttöku og stuðningi í námi þeirra? Undirspurningin er: Hvaða áhrif hefur áhugaleysið á áhuga barnanna á áframhaldandi námi eða starfi í framtíðinni? Niðurstöður úr viðtölum eru greindar og bornar saman við þau líkön og fræðigreinar sem til eru um efnið. Meðal annars verða skoðaðar uppeldisaðferðir og áhrif þeirra, alvarleiki og áhrif afskiptaleysis foreldra á einstaklinga, félagslegir áhrifaþættir og síðast en ekki síst samspil foreldra og skóla.

Helstu niðurstöður benda til þess að viðmælendur eigi það sameiginlegt að hafa annað hvort alist upp á brotnum heimilum þar sem óregla var ríkjandi, með einhleypu foreldri, eða á heimili þar sem annað foreldrið var mikið fjarverandi. Áhrif þess birtast m.a. í litlum afskiptum og stuðningi gagnvart námi, minni aga og almennt áhugaleysi á öllu sem við kemur skólastarfi og þátttöku í því. Af niðurstöðum má draga þá ályktun að afleiðingar þess að ganga í gegnum grunnskóla með lítinn stuðning og engin markmið geta verið alvarlegar. Þær birtast ekki eingöngu í takmarkaðri menntun, heldur sýna niðurstöður mínar að þeir sem alast upp við þær aðstæður sem viðmælendurnir gerðu eru í meiri hættu á því að leiðast út í óreglu. Viðmælendur greindu frá því að þeir hafi að mörgu leiti áttað sig á mikilvægi menntunar þegar það var orðið of seint. Niðurstöður sýna mikilvægi aðkomu foreldra að námi barna og að börnum sé sýndum stöðugur stuðningur, sérstaklega á fyrstu árum skólagöngunnar.

Abstract

The Effects of Parenting Methods on Children's Education: „They always seemed to be busy when something was going on in school“.

The purpose of this study is to research and to perform an analysis on what are effects of lack of parental involvement on children's academic career and achievements later on in life. Also to inspect further the effects on children's views and opinions on the importance of education in order to increase possibilities regarding profession in the future. The participants in this study all have in common that they have experienced lack of interest or even neglect from their parents or guardians in their elementary school years.

In this qualitative study, interviews were taken with six individuals. The aim of the study was to understand and answer what effects parents have on their children's education by not showing them support or interest. Also on what the same children's views are towards the value of having a good education. The results from each interview are analysed and outcomes compared. The outcomes will also be analysed with respect to theoretical background, such as research papers, other studies, and books on the subject. Parenting styles, effects of neglect, social factors and the relationship between families and school are among the subjects of this paper.

The results indicate that participants have in common that they have grown up in broken homes without support, with a single parent or in a home where at least one parent was away for long periods at a time. The main effects are lack of support with studies, lack of discipline and general lack of interest in parent to school participation. The conclusions drawn from the results are that both lack of support and lack of goal setting can have serious consequences. Not only that those individuals will have lower education levels, also that they are more likely to become addicted to alcohol or other substances. The participants said that they found out how important education and school is when it was already too late. Finally, the results show how important it is for parents to show their children interest and support, especially when the children are in the first years of their academic careers.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	5
Abstract.....	6
Efnisyfirlit	8
Myndaskrá	10
Töfluskrá	11
Inngangur	12
1 Fræðilegur bakgrunnur.....	14
1.1 Skilgreining hugtaka	14
1.2 Samskipti foreldra og barna	15
1.3 Áhrif áhugaleysis foreldra.....	18
1.4 Félagslegir áhrifaþættir	22
1.5 Samspil foreldra og skóla.....	24
2 Aðferðafræði	28
2.1 Rannsóknarsnið	28
2.2 Framkvæmd rannsókna	29
2.3 Val á þátttakendum	30
2.4 Þátttakendur.....	30
2.5 Skráning og úrvinnsla gagna	31
2.6 Réttmæti og áreiðanleiki	32
2.7 Siðferðisleg atriði og leyfi	32
3 Niðurstöður	35
3.1 Þátttakendur og bakgrunnur þeirra	35
3.2 Heimilisaðstæður.....	35
3.3 Tómsundur og önnur áhugamál.....	38
3.4 Áhugaleysi foreldra á viðburðum skólans	39
3.5 Menntun foreldra	40
3.6 Áhugi eða skortur á honum í öllu sem tengist menntun.....	41
3.7 Kvíði.....	47
3.8 Samantekt niðurstaða	48
4 Umræður og ályktanir	50
4.1 Greining á uppeldisaðferðum byggt á viðtölum.....	50

4.2	Áhrifaþættir sem einkenna foreldra þátttakenda.....	53
4.3	Langtímaáhrif uppeldis á líf og námsferil þátttakenda	56
4.4	Leiðir til að auka samskipti foreldra og skóla	62
4.5	Leiðir til að styðja við nemendur sem njóta ekki stuðnings heima fyrir	64
5	Tillaga að frekari rannsóknum	67
6	Lokaorð.....	68
	Heimildaskrá	69
	Fylgiskjöl	72
6.1	Fylgiskjal 1 – Viðtalsrammi	72
6.2	Fylgiskjal 2 – Upplýst samþykki	74

Myndaskrá

Mynd 1 Vistfræðilíkan Belsky. Heimild: Freydís J. Freysteinsdóttir, 2004).....	21
Mynd 2 Yfirfærslulíkan sem sýnir tengslanet barna í leik- og grunnskólum (Jóhanna Einarsdóttir og Sigurborg Sturludóttir, 2008). Myndin er byggð á vinnu Aline-Wendy Dunlop og Hilary Fabian (2002).....	23

Töfluskra

Tafla 1 Ríkjandi uppeldisaðferðir og einkenni þeirra samkvæmt fræðingnum Diana Baumrind.....	17
Tafla 2 Lýsing á þátttakendum rannsóknar.....	31

Inngangur

Markmiðið er að skoða hvaða áhrif áhuga- eða afskiptaleyfi foreldra hefur á námsárangur barna eða vilja þeirra til að halda áfram í námi eftir grunnskólanám.

Í þessari samantekt verða fyrri rannsóknir á þessu sviði umfjöllunarefnið, ásamt niðurstöðu þeirra. Reynt verður að draga fram á skýran hátt hver áhrif þess að foreldrar sýni börnum sínum og námi þeirra áhuga og enn fremur að skoða áhrif þess ef áhuginn og hvatning foreldra er ekki til staðar. Rannsóknarspurningin sem lögð er til grundvallar er „Hvaða áhrif geta foreldrar haft á námsárangur barna sinna með skorti á þátttöku í námi þeirra?“ og hvaða áhrif hefur sú niðurstaða á áhuga barnanna á áframhaldandi námi eða starfi í framtíðinni?

Fræðilegur bakgrunnur um áhrif þess að foreldrar sýni námi barna sinna áhuga eður ei verður skoðaður. Helst verður samskipti foreldra og barna með uppeldisaðferðir í huga skoðuð, hvaða áhrif félagslegir þættir geta haft við mótun framtíðar barnanna með tilliti til stéttarstöðu og menntunar foreldra. Samspil foreldra og skóla er mikilvægur þáttur í þessari rannsókn og í tengslum við það verða kenningar og meginstoðir á borð við uppeldi, öryggi og heilsu barna skoðaðar ásamt öðru eins og þátttöku og agavandamál.

Þörfin fyrir verkefnið liggur í því að kennarar geti sýnt eða sagt þeim foreldrum sem sýna námi barna sinna ekki áhuga frá hvaða áhrif það getur haft á nám barnsins og mögulega framtíð þess. Einnig að draga fram mikilvægi hlutverks skólans í námi og almennri líðan barnanna. Markmiðið er að verkefnið verði hvatning fyrir yfirvöld, skóla og foreldra í því að styrkja reglur og viðmiðanir gagnvart þátttöku foreldra í skólastarfi og heimanámi barna þannig að bæði skólar og heimilið standi saman í því að tryggja börnum eins góð tækifæri á námi eins og mögulegt er.

Megintilgangur með þessari rannsókn er að niðurstöðurnar verði hvatning til foreldra að fara vel yfir hvar þeir megi bæta sig og að þeir sjái hversu mikilvægur þeirra þáttur er í framtíð barna sinna.

Kaflar verða eftirfarandi: Fræðilegur bakgrunnur um áhrif þess að foreldrar sýni námi barna sinna áhuga eður ei verður skoðaður. Helst verður samskipti foreldra og barna með uppeldisaðferðir í huga skoðuð, hvaða áhrif félagslegir þættir geta haft við mótun framtíðar

barnanna með tilliti til stéttarstöðu og menntunar foreldra. Samspil foreldra og skóla er mikilvægur þáttur í þessari rannsókn og í tengslum við það verða kenningar og meginstoðir á borð við uppeldi, öryggi og heilsu barna skoðaðar ásamt öðru eins og þátttöku og agavandamál.

Fjallað verður um þætti aðferðafræðinnar sem notaðir eru við rannsóknina. Þeir eru rannsóknarsnið, framkvæmd rannsóknarinnar, val á þátttakendum, þátttakendurnir, skráning og úrvinnsla gagna, réttmæti og áreiðanleiki, siðferðisleg atriði og leyfi.

Því næst niðurstöður viðtalanna og úrvinnsla úr þeim í flokkunum heimilisaðstæður, tómstundir og áhugamál, áhugaleysi foreldra þegar að viðburðum skólans kemur, menntun foreldra, áhugi eða skortur í því sem tengist menntun, kvíði, samantekt niðurstaða ásamt því að þátttakendur verða kynntir.

Að lokum verða umræður, ályktanir og tillaga að nánari rannsóknum.

1 Fræðilegur bakgrunnur

Áhrif foreldra á framgang námsferils barna og unglunga er efni sem hefur verið rannsakað tölvuvert, bæði hérlendis og erlendis. Niðurstöður mikils meirihluta þeirra rannsókna ber saman um að stuðningur og áhugi foreldra á námi barna sinna sé gríðarmikilvægur þáttur í því að barnið myndi jákvætt viðmót gagnvart náminu og sé líklegra til þess að sækja sér framhaldsmenntun. Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal framkvæmdu rannsókn sem greint var frá árið 2002, þar sem niðurstöður leiddu í ljós að stuðningur og hvatning frá foreldrum væri stór áhrifaþáttur í að auka líkur á nemendur sæki sér framhaldsmenntun og hverfi þar af leiðandi síður frá námi eftir grunnskóla. Einnig komust þau Jón Torfi og Kristjana Stella að því að uppeldisaðferðir hafi áhrif á það viðhorf sem börn tileinka sér gagnvart náminu (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Á hinn bóginn hefur ekki verið eins mikið skoðað hverjar eru beinar afleiðingar þess ef foreldrar sýna lítinn sem engan áhuga á námi barna sinna frá yngstu stigum grunnskólans. Fjallað verður um helstu kenningar og niðurstöður rannsókna um þessi mál sem fyrir liggja í næstu undirköflum sem mynda grunn fyrir þá aðferðafræði sem beitt er við rannsókn á efni rannsóknarspurningar. Kaflinn hefst á skilgreiningum helstu hugtaka sem notuð verða í rannsókninni og við ritun ritgerðar.

1.1 Skilgreining hugtaka

Í þessum kafla er leitast við skilgreina og útskýra nánar þau hugtök sem fjallað er um í rannsókninni.

Lestur: Lestur er flókið ferli þar sem umskráning og málskilningur vinna saman. Bókstafir orðanna eru umskráðir og mynda þannig orðið og síðan er það málskilningur þess sem les það sem gefur til kynna hversu mikið af textanum hann skilur. Einfalda lestrarlíkanið (e. the simple view of reading) sem Gough og Hoover (1990) settu saman skýrir þetta flókna ferli vel, en í því er fjallað um góða og slaka umskráningu og góðan eða slakan málskilning og hvernig þessi atriði fléttast saman. Nemandi telst læs þegar hann getur umskráð bókstafina og skilur textann sem hann les.

Samræmd próf: 39. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 kveða á um það að mennta- og menningarmálaráðuneyti skuli standa fyrir samræmdum prófum í grunnskólum. Samkvæmt

vef Menntamálastofnunar er tilgangur samræmdu prófanna að meta hvort að markmiðum aðalnámskrár hafi verið náð. Prófin veita nemendum, kennurum, foreldrum og fræðsluyfirvöldum endurgjöf þar sem fram kemur hæfni og þekking hvers nemanda fyrir sig. Þessar upplýsingar segja til um það hvort þörf sé á breytingum í áherslum í námi, hvort eitthvað þurfi að bæta og hver gæði menntunar séu. Niðurstöður prófanna geta nemendur og foreldrar þeirra notað til þess að meta hvar áherslur þeirra þurfi að liggja hvað námið varðar. Nemendur í 4. og 7. bekk þreyta samræmdu prófin á haustönn en nemendur í 9. bekk á vorönn (menntamálastofnun, 2016).

Námsárangur: Grunnskólinn og foreldrar spila stórt hlutverk í námsárangri nemenda. Samstarf þeirra á milli og annara í nærumhverfi nemendanna er forsenda þess að nemendur nái að bæta námsárangur sinn (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Ýmsir þættir hafa áhrif á námsárangur og eru það m.a. kennarar, skólinn og viðhorf foreldra til náms.

Áhugaleysi foreldra: Þegar fjallað verður um áhugaleysi foreldra hér eftir er átt við að foreldrar sinna ekki, eða hjálpa ekki börnum sínum við það sem viðkemur skólanum. Þeir hvetja ekki, spyrja ekki né bjóða fram aðstoð sína.

Áhugi foreldra: Þegar fjallað verður um áhuga foreldra hér eftir er átt við sýndan áhuga foreldra á öllu því sem tengist skólagöngu barns þeirra, heimaverkefnum, atburðum og öðru tengdu skólanum. Þeir sýna áhuga með því að aðstoða þá við heimavinnu, hvetja þá til að ná markmiðum sínum og spyrja út í atriði tengd skólanum.

Hlutverk foreldra: Foreldrar eru þeir sem bera ábyrgð á uppeldi barna sinna en skólasamfélagið kemur einnig að uppeldinu. Saman móta þessir aðilar samfélag sem mótar barnið og hjálpar því að þroskast. Menntun nemenda er því sameiginlegt hlutverk foreldra og skóla og mikilvægt er að gott samstarf sé þarna á milli. Foreldrar bera ábyrgð á því að börn sín sinni námi sínu, þeir þurfa þess vegna að eiga gott samband við skólann, kennarann og barnið sjálft til þess að vel fari.

1.2 Samskipti foreldra og barna

Foreldrar beita ýmsum mismunandi aðferðum við uppeldi barna sinna, hvort sem þeir átta sig á aðferðafræðinni hverju sinni eða ekki. Foreldrum er hægt að lýsa sem kröfuhörðum, ábyrgum, skipandi, styðjandi, afskiptalausum eða með því að nota fjölda annarra

lýsingarorða. Rannsóknir hafa leitt í ljós mikilvægi þess að foreldrar séu helstu stuðningsaðilar barna sinna og þeir styðji við þau og hvetji áfram. Sérstaklega á þetta við á uppvaxtarárum barnanna og þegar þau er að hefja námsferil sinn. Rannsóknir (Pomerantz, Moorman og Litwack, 2007) sýna að þátttaka foreldra getur haft smitandi áhrif á börn þeirra og þau taka upp það sem foreldrar þeirra gera. Þetta getur átt við aðferðir þeirra til að leysa stærðfræðiþraut eða áhugi á lestri. Þátttaka foreldra hefur líka þau áhrif að börnin fara með tímanum að sjá aukið gildi í menntun og fara að taka ákvarðanir af eigin frumkvæði.

Heimilisaðstæður og foreldrar skipta miklu máli við uppeldi barna. Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna og stórir áhrifavaldar í lífi þeirra, því skiptir uppeldið miklu máli (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007).

Nokkuð mikið er til af rannsóknum á uppeldisaðferðum og áhrifum þeirra á börn til framtíðar. Ein þeirra frægust var gerð af Diana Baumrind, bandarískum sálfræðingi. Baumrind skipti uppeldisaðferðum foreldra upp í fjóra megin flokka og miða flokkarnir í grundvallaratriðum við hversu mikinn stuðning foreldrar veita börnum sínum og hversu miklar kröfur þeir gera til barna sinna. Rannsókn Baumrind á uppeldisaðferðum byggði á fjórum þáttum, þ.e. hvernig foreldrar stjórnðu barninu, hvaða kröfur foreldrar gerðu til barnsins, hvernig foreldrar nýttu skýringar og samtal í samskiptum og hvort hlýja og hvatning væru einkennandi fyrir samskipti við barnið (Sigurður J. Grétarsson, Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2006). Fjórir megin flokkar uppeldisaðferða skv. Baumrind (1971) eru leiðandi (e. authoritative), skipandi (e. authoritarian), eftirlátir (e. permissive) og afskiptalausir (e. rejective-neglective). Sjá nánar í töflu 1 að neðan.

Tafla 1 Ríkjandi uppeldisaðferðir og einkenni þeirra samkvæmt fræðingnum Diana Baumrind.

Uppeldisaðferðir	Styðjandi <i>Foreldri viðurkennir tilfinningar og tekur tillit</i>	Ekki styðjandi <i>Foreldri hafnar og tekur ekki tillit</i>
Kröfuhörð <i>Foreldri væntir mikils</i>	Leiðandi (e. Authoritative) Samband byggir á gagnkvæmu trausti og virðingu. Tillit tekið til bæði barns og foreldris, samskipti opin á jákvæð	Skipandi (e. Authoritarian) Samband snýst um stjórn, skoðanaskipti ekki leifð, einkvæm samskipti í prédikunarformi
Ekki kröfuhörð <i>Foreldri væntir lítils</i>	Eftirlátir (e. Permissive) Samband þar sem látið er eftir barni. Væntumþykja og hlýja en ekki skýr mörk né reglur settar	Afskiptalausir (e. Uninvolved) Samband í algeru lágmarki. Enginn mörk né stuðningur. Form vanrækslu

Einkennandi fyrir leiðandi uppeldi foreldra er að þeir krefjast þroskaðrar hegðunar af börnum sínum og setja þeim skýr mörk. Einnig eru foreldrar hvetjandi við börn við það að skýra út sjónarmið sín þannig að taka meggi tillit til beggja sjónarmiða, þ.e. bæði foreldra og barna. Foreldrar í þessum hópi sýna börnum sínum einnig hlýju og hvatningu. Í töflu 1 er hópurinn merktur með grænum lit sem þýðir að í þessum hópi séu foreldrar bæði kröfuharðir en um leið styðjandi við börn sín. Þetta telst því til uppeldisaðferðar sem er líkleg til góðs árangurs.

Skipandi foreldrar eru þeir foreldrar sem gera miklar kröfur og stjórna börnum með boði og bönnum sem ekki má draga í efa. Í slíkum samskiptum er skortur á hlýju og gagnkvæmri virðingu. Á sama tíma eru foreldrarnir ekki styðjandi né hvetjandi gagnvart börnunum. Í töflu 1 er þessi foreldrahópur merktur með gulum lit, jákvætt er að foreldrar gera kröfur til barna sinna, en neikvætt er að foreldrarnir taka ekki tillit til sjónarmiða barna og samskiptin einhliða.

Eftirlátir foreldrar gera ekki miklar kröfur til barna sinna og gefa börnunum mikið frjálrsræði. Foreldrarnir skipta sér lítið af börnum sínum en sýna þeim aftur á mót ást og hlýju. Í töflu 1 eru þessir foreldrar merktir með gulum lit, þeir sýna börnum hlýju ólíkt skipandi foreldrum en gera litlar sem engar kröfur til barna sinna.

Í fjórða flokknum eru afskiptalausir foreldrar. Þetta eru foreldrar sem veita börnum sínum hvorki leiðsögn, stuðning né gera kröfur til barna. Samskipti milli foreldra og barna í þessum flokkir eru nánast engin og má flokka slíkt sem uppeldi þar sem börnum er sýnt skeytingarleysi og þau eru vanrækt. Í töflu 1 eru þessir foreldrar merktir með rauðum lit, þar sem vanræksla einkennir uppeldið sem er börnum beinlínis hættulegt. Rannsókn Baumrind (1971) bendir til að sterk tengsl séu á milli uppeldisaðferða, þeirra sem hefur verið líst hér að ofan og þeirra samskiptahátta sem börnin tileinka sér síðar í lífinu.

Sigrún Aðalbjarnardóttir (1992) rannsakaði íslenska unglinga með rannsókn Baumrind (1991) til stuðnings og skoðaði hún hvernig uppeldisaðferðir tengjast velferð ungs fólks. Í rannsókn þessari koma m.a. fram að börn sem alast upp hjá eftirlátum foreldrum og afskiptalausum foreldrum eru líklegri til þess að prófa hass við 17 ára aldur. Einnig kom fram að börn foreldra sem eru skipandi eru líklegri til að ala á mótþróa sem getur haft þær afleiðingar af sér að börnin prófi að reykja og drekka áfengi við 14 ára aldur. Ekki er alveg hægt að koma í veg fyrir reykingar, áfengisnotkun eða neyslu fíkniefna með uppeldinu einu saman, heldur spila aðrir þættir inn í, og má þar nefna erfðir. Rannsóknin sýndi tengsl á milli þess að börn sempa alast upp í miklu frjálstræði, þekki mörk sín. Líklegast er það vegna þess að foreldrar gefa óskýrar leiðbeiningar með þeim afleiðingum að börnin vita ekki hvað sé viðeigandi.

1.3 Áhrif áhugaleysis foreldra

Áhugaleysi foreldra þegar kemur að daglegu lífi barna sinna má skilgreina sem vöntun á viðbrögðum og aðgerðum til þess að uppfylla þarfir barnsins. Dæmigert fyrir slíka hegðun er þegar foreldrar gera litlar sem engar kröfur til barna sinna, sýna afskiptaleysi, nándarfælni og jafnvel algjöra vanrækslu. Áhrif á börn sem alin eru upp við afskiptaleysi foreldra hafa verið rannsökuð og eftirfarandi þættir hafa verið tengdir börnum sem alist hafa upp í slíkum aðstæðum (Cherry, Kendra, 2019): Börn verða að læra að sjá fyrir sér sjálf, börn kunna að hræðast að verða háð öðru fólki, börn er oft tilfinningalega bæld, börnin finna fyrir ótta og kvíða vegna vöntunar á stuðningi frá fjölskyldu og börnin er líklegri til þess að misnota fíkniefni eða áfengi. Afleiðingarnar geta verið þær að börnin standa sig illa á öllum sviðum lífsins. Börn þessi eiga líka á hættu að hafa tilhneigingu til þess að sýna skort á vitsmunum

ásamt skorti á tilfinningalegri og félagslegri færni. Að vera tilfinningalega bælt barn getur haft í för með sér að eiga í erfiðleikum með að tengjast tilfinningaböndum síðar á ævinni. Önnur áhrif þess að alast upp án þess að hafa skýr mörk á heimilinu geta verið þau að barnið lærir síður hvernig á að haga sér í skólanum og sjá ekki hverjar reglurskólans eru né kunna þeir að haga sér á viðburðum á vegum hans. Þessi börn eru líklegri til þess að haga sér illa en önnur börn.

Barnaverndarstofa nýtir skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF) til þess að greina og flokka birtingarmyndir vanrækslu foreldra og forráðamanna gagnvart börnum. Flokkunarkerfið er hannað af Freydísi Jónu Freysteinsdóttur og byggir á bandarískri fyrirmynd. Samkvæmt flokkunarkerfinu er vanræksla gagnvart barni skilgreint sem „*skortur á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til skaða eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns.*“ Flokkunarkerfið skilgreinir eftirfarandi flokka þegar kemur að vanrækslu þar sem barn er þolandi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2002):

1. Líkamleg vanræksla
2. Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit
3. Vanræksla varðandi nám
4. Tilfinningaleg vanræksla

Barnaverndarstofa talar um íslenskar flóttafjölskyldur, það er þær sem flytja á milli bæjarfélaga með það að markmiði að flýja stöðuna sem þau eru komin í. Foreldrarnir í þessum fjölskyldum kjósa að flytja þegar ábendingar um vanrækslu eða annað athugavert hefur borist barnaverndarnefnd og hún farin að fylgjast með þeim í auknum mæli. Kennarar og annað starfsfólk skólans skráir hjá sér grun sinn um vanrækslu. Punktarnir eru síðan teknir saman og tilkynnt er til barnaverndarnefndar sem skoðar málið og athugar hvort grunur skólans eigi við rök að styðjast (Hervör Alma Árnadóttir, munnleg heimild, 16. mars. 2020). Ef fjölskylda flyst oft og reglulega á milli bæjarfélaga og barnið skiptir oft um skóla er hætta á því að á nýja staðnum sé byrjað upp á nýtt að safna upplýsingum þegar grunur um vanrækslu kviknar.

Vanræksla varðandi nám samkvæmt flokkunarkerfi Freydísar (2002) er þegar foreldrar sinna ekki skólagöngu eða námi barns síns eða sjá til ekki til þess að barnið sinni náminu. Enn fremur eru skilgreindir undirþættir vanrækslu varðandi nám:


- Mætingu barns í skóla ábótavant án inngrips foreldra
 - Barn mætir illa í skóla og foreldrar láta það afskiptalaust.
- Barn ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla vegna ólögmætra ástæðna
 - Barn er ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla vegna ólögmætra ástæðna, t.d. af því það er að passa yngra systkini eða af því foreldri vaknar ekki til að koma barninu á réttum tíma í skólann.
- Foreldrar sinna ekki ábendingum skóla um sérfræðiaðstoð fyrir barnið
 - Skóli vísar barni í greiningu vegna gruns um námsörðuleika eða í sértæka þjónustu vegna námsörðuleika sem foreldri sinnir ekki, s.s. lesgreining, stærðfræðigreining.
- Barn skortir ítrekað nauðsynleg áhöld til skólastarfs.
 - Barn skortir ítrekað nauðsynleg áhöld til skólastarfs, t.d. bækur, leikfímiföt eða sundföt.

Hér er áhersla lögð á að skilgreina þá þætti sem tilheyra vanrækslu varðandi nám. Leiða má líkum að því að þegar til staðar er slík vanræksla sé algengt að einnig séu til staðar þættir í uppeldi barnsins sem myndu falla undir fleiri flokka, t.d. tilfinningalega vanrækslu. Tilgangur þessarar rannsóknar er meðal annars að rannsaka hvort slíkt sé sameiginlegt með viðmælendum í rannsókninni og hvort greining á hvers konar vanrækslu er um að ræða hverju sinni.

Hegðun foreldra sem flokkast sem vanræksla getur stafað af ýmsum ástæðum. Foreldrar átta sig oft ekki á alvarleika málsins og að um vanrækslu sé um að ræða. Í mörgum tilfellum eru foreldrar sjálfir að glíma við vandamál í eigin lífi sem valda því að geta þeirra til sinna þörfum barna sinna skerðist. Þetta getur bæði verið tímabundið ástand eða varanlegt (Cherry, Kendra, 2019).

Vistfræðilíkan Jan Belsky frá 1993 er margþáttalíkan, en einn þáttur þess er að tengja saman ástæður og áhættuþætti varðandi vanrækslu gagnvart börnum. Samkvæmt líkani Belskys á misbrestur í uppeldi sér stað þegar magn og umfang áhættuþátta fer umfram magn verndandi þátta. Til þessara þátta teljast menningarþættir, samfélagsþættir, fjölskylduþættir

og einstaklingsþættir og byggir líkan Belskys á greiningu þessara þátta (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2004).



Mynd 1 Vistfræðilíkan Belsky. Heimild: Freydís J. Freysteinsdóttir, 2004).


Jónína Einarsdóttir og Geir Gunnlaugsson unnu rannsókn undir heitinu „Algengi og margbreytileiki andlegs ofbeldis og reynsla af vanrækslu í æsku á Íslandi“ og birtust niðurstöður þeirrar rannsóknar í Læknablaðinu árið 2015 (Jónína Einarsdóttir, Geir Gunnlaugsson, 2015). Rannsóknin byggðist á slembiúrtaki úr Þjóðskrá Íslands, þar sem viðmælendur voru beðnir um að meta uppeldi sitt og svara til um reynslu af 8 mismunandi formum andlegt ofbeldis og reynslu af vanrækslu í æsku. Spurningar voru orðaðar á þá leið hvort foreldrar eða forsjáraðilar hafi beitt börn tegund andlegs ofbeldis, s.s. hrætt, hótad eða hafnað einstaklingum í æsku. Niðurstöður þeirra Jónínu og Geirs voru athyglisverðar, en af 966 viðmælendum svöruðu um 69% þeirra að þeir hefðu reynslu af einu eða fleiri af 8 formum andlegs ofbeldis sem skilgreind voru í rannsókninni. Auk þess höfðu rúmlega 10% viðmælenda reynslu af vanrækslu. Þar kom einnig í ljós að yngri einstaklingar, yngri en 30 ára, voru 2,9 sinnum líklegri til að segja frá reynslu af andlegu ofbeldi en þeir sem eldri voru. Karlar voru marktækt líklegri en konur til að greina frá andlegu ofbeldi. Ályktun þeirra Jónína og Geirs um niðurstöðurnar eru á þá leið að uppeldisaðferðir geti haft skaðleg áhrif á

andlega heilsu í æsku og fram á fullorðinsár. Þau nefna þó að uppeldisaðferðum megi breyta, t.d. með fræðslu, félagslegum stuðningi og lagasetningu frá yfirvöldum

1.4 Félagslegir áhrifaþættir

Það hlutverk sem foreldrar hafa við að móta framtíð barna sinna er mikilvægt, þeir hafa mikil áhrif á börn sín og eru þeirra fyrirmynd gegnum uppvaxtarárin. Samkvæmt foreldravefnum (Reykjavik.is, e.d.) hafa foreldrar tvöfalt meira forspárgildi en félagsleg staða barnanna um námsárangur þeirra. Einnig segir að saman eru skóli og foreldrar enn mikilvægari því áhrif skipulags samstarfs þar á milli hefur sexfalt meira að segja en aðrir áhrifaþættir. Að nemendur búi við góðar aðstæður til náms og að þeir séu áhugasamir um það er ein af forsendum góðs námsárangurs (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2010). Það segir enn frekar til um mikilvægi þess að foreldrar styðji við börn sín á skólagöngu þeirra.

Stéttarstaða fjölskyldna og menntunarstig foreldra hefur mikið forspárgildi um námsferil barna. Sýnt hefur verið fram á beint tengsl milli menntunarstigs foreldra og viðhorfi þeirra til mikilvægis samskipta heimilis og grunnskóla (Jóhanna Einarsdóttir og Sigurborg Sturludóttir, 2008). Helstu niðurstöður rannsóknar þeirra Jóhönnu og Sigurborgar voru á þá leið að um helmingur foreldra finni fyrir kvíða eða áhyggjum þegar börn þeirra hefja nám í grunnskóla. Háskólamenntaðir foreldra kviðu minnst fyrir skólabyrjuninni en foreldrar með grunnskólapróf mest. Á niðurstöðum mátti þó merkja ákveðna togstreitu milli starfsframa og fjölskyldulífs hjá mæðrum. Niðurstöðurnar bentu einnig til að kaflaskil væru í fjölskyldulífinu á þessum tímamótum sem aðlaga þyrfti sig að. Fyrir marga væri meiri streitutími á morgnanna eftir að barn þeirra byrjaði í grunnskóla, auk þess sem tómstundaiðkun aukist að sama skapi. Varðandi samskipti heimilis og skóla þá kom í ljós að þau færu að langmestu leiti fram í skipulögðum foreldraviðtölum, fræðslufundum og kynningum. Skólarnir virðast þó ná misvel til foreldrahópsins og virtist óöryggi foreldra gagnvart skólanum haldast í hendur við menntunarstig þeirra. Tengsl milli barna, heimilis, skóla, vana og umhverfispátta með áherslu á tímabilið þegar börn skipta úr leikskóla yfir í grunnskóla eru sýnd myndrænt á mynd 1 og byggja á vistkerfisnálgun Bronfenbrenners.



Mynd 2 Yfirfærslulíkan sem sýnir tengslanet barna í leik- og grunnskólum (Jóhanna Einarsdóttir og Sigurborg Sturludóttir, 2008). Myndin er byggð á vinnu Aline-Wendy Dunlop og Hilary Fabian (2002).

Ljóst er að sumir þjóðfélagshópar eru líklegri en aðrir til að hafa neikvæðar skoðanir gagnvart skólanum eða hafa ekki þekkingu eða getu til þess að taka virkan þátt samskiptum við skóla (Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson, 2011). Garðar Hauksson og Ólöf Garðarsdóttir rannsökuðu stöðu og afdrif ungra innflytjenda og einstaklinga með erlendan bakgrunn í íslenskum skólum á tímabilinu 1996 – 2011. Sú rannsókn leiddi í ljós verulega hátt brottfall nemenda af erlendum uppruna úr skólum og að lágt hlutfall skilaði sér í framhaldskóla. Verst var staðan hjá körlum í hópi innflytjenda, en 60% af þeim sem bjuggu hér við lok grunnskóla höfðu ekki lokið námi á framhaldsskólastigi við 22 ára aldur. Staða ungmenna af erlendum uppruna reyndist mun verri hér á landi en meðaltal Evrópusambands og EES landanna, skv. rannsókn Garðars og Ólafar (Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson, 2011). Af þessu er ljóst að nauðsynlegt er að rannsaka frekar stöðu fólks af erlendum uppruna í menntakerfinu og finna rætur vandans.

Í fyrri undirköflum hefur verið rætt um skaðlegar uppeldisaðferðir og vanrækslu foreldra á börnum sínum. Félagslegir þættir foreldra og fyrri reynsla, t.d. að þeir hafi sjálfir orðið fyrir ofbeldi og vanrækslu í æsku, geta verið skýringar á að sömu einstaklingar séu

líklegri til að beita slíkum aðferðum sjálfir á sín eigin börn. Einnig geta tímabundnir þættir og áföll valdið því að foreldrar sýni börnum vanrækslu, jafnvel til skamms tíma. Áföll, svo sem skilnaður, dauðsföll eða andleg veikindi geta valdið aðstæðum þar sem foreldrar eru ófærir um að sinna þörfum barna sinna. Í þeim aðstæðum er mikilvægt að félagsmálayfirvöldum og skóla sé gert viðvart um breyttar aðstæður barna svo hægt sé að hlúa að barninu. Þetta er mikilvægt til að koma í veg fyrir að barnið hljóti varanlegan skaða á andlegri heilsu.

1.5 Samspil foreldra og skóla

Mikilvægt er að samstarf millu skóla og heimila nemanda séu með sem skilvirkustum hætti, þetta á sérstaklega við þegar börn eru að hefja sinn námsferil. Samstarfið byggir á sambandi foreldra, nemenda, kennara og skólayfirvalda hverju sinni, en einnig er skiptir miklu máli að laga- og regluverk yfirvalda skapi góðan og heilbrigðan ramma fyrir skóla að mynda sínar eigin stefnur um foreldrasamstarf. Reglugerð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins nr. 1040/2011 tekur á ábyrgð og skildum aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Reglugerðin er í 6 köflum og meginmarkmið hennar er að nemendur njóti skólastarfsins og finni til öryggis í skólanum. Einnig að stuðla að jákvæðum samskiptum allra í skólasamfélaginu, tryggja góðan skólabrag og gagnkvæmri virðingu. Reglugerðin gerir ráð fyrir að hver grunnskóli setji sér sínar eigin skólareglur með skýrum viðurlögum við brotum og að úrræði séu til staðar til að taka á brotum. Annar kafli reglugerðarinnar fjallar um ábyrgð, réttindi og skyldur aðila skólasamfélagsins. Þar segir meðal annars um ábyrgð starfsfólks skóla að skólastjórnendum og kennurum beri skylda til að eiga samstarf við foreldra um börn þeirra varðandi líðan og árangur í skólanum. Umsjónarkennarar eiga að upplýsa foreldra um skólabrag og leitast eftir uppbygginga samstarfi við foreldra um leiðist til að bæta bæði skóla- og bekkjarbrag. Um ábyrgð nemenda kveður reglugerðin skýrt á um skólaskyldu nema komi til sérstakra tilfella, svo sem veikinda eða önnur forföll. Nemendur eigi að bera ábyrgð á eigin námi sem og samskiptum við samnemendur og starfsfólk skólans. Einnig beri nemendum skylda til að hlíta fyrirmælum kennara og fara eftir settum skólareglum. Loks kveður reglugerðin á um ábyrgð og skyldur foreldra. Grunnskylda foreldra er að sjá til þess að börn þeirra innritist í skóla og sæki skólann. Skýrt kemur fram að foreldrar beri ábyrgð á uppeldi barna sinna og eigi að bregðast við sýni barn þeirra óeðlilega hegðun í skólanum. Foreldrar eigi að fylgjast með námi barnanna og aðstoða þau eftir bestu getu, auk þess að fá tækifæri til að taka þátt í

skólastarfinu. Foreldrum beri skylda til að taka til aðgerða, sýni börn þeirra hegðun sem kunna að hafa áhrif á námsferil og taka til aðgerða í samráði við skólayfirvöld þegar misbrestur verður á hegðun eða framkomu nemanda. (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Joyce L. Epstein kom fram með kenningar og skilgreiningar varðandi meginstoðir þegar kemur að samskiptaleiðum milli foreldra og skóla gagnvart börnum á skólagöngu þeirra. Þessar meginstoðir ná til allra skólastiga, þótt að reynslan hafi sýnt að samstarf skóla og heimilis sé mest á yngstu stigum (Epstein J. L. 1995). Þessar meginstoðir eða grunnskyldur eins og þær verða nefndar hér eftir eru:

- Uppeldislegar, tryggja öryggi og heilsu barna.
- Þjóða upp á heimilisaðstæður sem styðja við menntun og jákvæða hegðun. Samskiptalegar, tryggja samskipti við foreldra um námsferil barns (s.s. tilkynningar, einkunnaspjöld o.s.frv.).
- Þátttaka í skólastarfi, hvetja til þátttöku foreldra í náminu og starfsumhverfi skólans. Svo sem að mæta á skólatengda viðburði, námskeið o.s.frv.
- Aðstoð við heimanám, sjá til þess að foreldrar fylgist með og aðstoði börn við heimalærdóm og önnur námsviðmið.
- Þátttaka í ákvörðunum, hvetja foreldra til þátttöku í nefndum, s.s. foreldraráði.
- Myndun tengsla við samfélagið, tryggja gagnkvæmt samstarf milli skóla við samfélagið s.s. varðandi heilsugæslu, æskulýðsstarf og tómstundastarf.

Samkvæmt rannsókn Ingvars Sigurgeirssonar og Ingibjargar Kaldalóns á agavandamálum í grunnskólum Reykjavíkur (2006) kemur fram að ef kennari hefur jákvætt viðhorf til foreldra og samstarfs þeirra á milli að þá var minna um agavandamál en þar sem viðhorfin voru neikvæðari. Gott og farsælt foreldrasamstarf þar sem mikið er um jákvæðar fréttir til foreldra og þeir hvattir til þátttöku má gefa sér að leiði af sér færri agavandamál og samskipti sem einkennast af hlýju (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006).

Samstarf skólans og foreldra er mikilvægt og er umsjónarkennari nemandans tengiliður skólans við foreldra. Það er margt sem hann getur gert til að styðja við ýta undir hvatningu foreldra til barna sinna. Það sem m.a. fellur undir starfslýsingu umsjónarkennara

ásamt því að efla samstarf á milli heimila og skóla er að er að sjá til þess að nemandi líði vel í skólanum, hann fylgist náið með námi nemenda sinna og aðstoðar þá með persónuleg mál. Meðal verkefna kennara einnig er að hvetja og styðja foreldra og getur sýnt þeim fram á mikilvægi þess að styðja við börnin sín (Gerður G. Óskarsdóttir, 2014).

Lilja M. Jónsdóttir skrifar í bæklingi Heimilis og skóla (2011) að meginmarkmið foreldrasamstarfs sé að virkja tengslin á milli heimilis og skóla ásamt því að tengja saman foreldra nemendanna í bekknum. Það að foreldrarnir innan árgangsins þekki eða þekki til hver annarra hefur forvarnargildi. Einnig fullyrðir hún að þátttaka foreldra skilar sér inn í bekkjarstarfið og hefur jákvæð áhrif á það. Sem dæmi um jákvæð áhrif eru að félagsleg samskipti verða betri ásamt að þroski nemenda og námsárangur verður meiri. „Það er alkunna að foreldrar hafa áhrif á nám barna sinna.“

Almenn menntun er mikilvæg í flóknu samfélagi. Hún eflir sjálfskilning og hæfni nemenda til þess að leysa sín hlutverk í því. Með því að ganga í skóla og sinna honum vel læra nemendur líka hvers ætlast er til af þeim í samfélaginu og hvernig þeir eigi að lifa í flóknu samhengi sem það býður upp á. Nemandi þarf að geta aflað sér nýrrar þekkingar og hæfni sem hann þarf að greina og miðla áfram til þess að passa inn í samfélagið. Til þess að öðlast þessa hæfni þurfa nemendur tækifæri til þess að læra hana og eflast, einnig þarf að styrkja þá til að temja sér námshæfni. Námsþæfni byggir á sjálfsskilningi, trú á eigin getu og áhuga nemenda (Mennta - og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Rannsóknir staðfesta að barnið tekur meiri framförum og er líklegra til að ná betri árangri hvort heldur í leikskóla, grunnskóla eða frístundastarfi ef gott samstarf er á milli foreldra og starfsfólks. Foreldrar hafa því mikil áhrif á námsárangur, virkni og líðan barna sinna með viðhorfum sínum og þátttöku (Reykjavík.is, e.d.). Námsáhugi barna mótast að miklu leiti af félagslega umhverfinu sem þau alast upp í. Það er umhverfið sem fjölskyldan er í og þar byggist grunnurinn að ýmiss konar undirstöðufærni barnanna. Viðhorf þeirra þroskast líka innan þessa umhverfis og hefur það áhrif á framtíð þeirra í námi (Bong, 2008).

Ef helstu áhrifaþáttum í námi nemenda er skipt í þrjá flokka þá er þáttur bakgrunns þeirra 80% af námsárangri þeirra, á meðan þættir skólans og kennarans eru einungis 20% (Marzanos, 2000). Það sýnir fram á mikilvægi þess að börn alist upp við góðar fyrirmyndir hvað nám varðar og að þau fái hvatningu til að gera vel og þá um leið eykst trú þeirra á eigin getu. Foreldrarnir eru oftast þessi fyrirmynd og mikilvægt er fyrir þá að segja eitthvað

jákvætt við börnin sín og að ýta undir áhuga þeirra á að ná ákveðnum markmiðum (Bandura, 1994). Pettit, Davis-Kean og Magnuson (2009) fjalla einnig um mikilvægi samskiptanna á heimilinu vegna áhrifa þeirra á viðhorf barnanna til skólagöngu sinnar. Stuðningur foreldra er því mikill þegar kemur að námi barna þeirra og vilja þeirra til að standa sig vel. Trú barnanna á eigin getu byrjar að mótast snemma og foreldrar verða að hlúa að börnunum á þessum tíma svo að vel fari.

Niðurstöður þeirra rannsókna hafa sýnt að foreldrar eru mikilvægir þegar kemur að framförum barna í skóla. Samstarf foreldra og starfsfólks skólans er þáttur í framförum og betri árangri barna í námi. Foreldrar hafa áhrif á líðan, virkni og námsárangur barna sinna með þátttöku og viðhorfum til námsins. Með því að foreldrar sýni námi barna sinna áhuga þá eykst sjálfstraust þeirra og þeim líður betur. Þetta veldur því að brottfall þegar líður á skólagönguna minnkar og það sem meira er, að líkur á því að barnið leiðist út í fíkniefnaneyslu minnkar (Reykjavik.is, e.d.).

2 Aðferðafræði

Markmiðið með rannsókninni er að skoða tengsl á milli áhugleysis foreldra og námsárangurs og námsáhuga barna þeirra. Einnig verður skoðað hvaða áhrif þær niðurstöður hafa á framtíð barnanna hvað menntun og starf varðar. Rannsóknarspurningin sem leitast verður eftir að svara er: **Hvaða áhrif geta foreldrar haft á námsárangur barna sinna með skorti á þátttöku í námi þeirra.** Undirspurningin er: **Hvaða áhrif hefur afskiptaleysið á áhuga barnanna á áframhaldandi námi eða starfi í framtíðinni?**

Í þessum kafla verður þeirri aðferðafræði sem rannsóknin byggir á líst. Fyrst verður rannsóknarsniði lýst, því næst framkvæmd rannsóknarinnar. Þar á eftir verður fjallað um val á þátttakendum í rannsókninni. Farið verður í skráningu gagna sem aflað verður og í úrvinnslu þeirra. Að lokum verður fjallað um réttmæti, áreiðanleika, siðferðisleg atriði og þau leyfi sem afla þurfti til að framkvæma rannsóknina.

2.1 Rannsóknarsnið

Rannsóknaraðferðin sem var notuð er eigindleg tilviksrannsókn, með þeirri aðferð er ekki verið að alhæfa og rannsakandinn er ekki hlutlaus, heldur hefur hann áhrif. Hann skoðar tengsl aðstæðna og áhrif þess á einstaklinginn. Með eigindlegum rannsóknaraðferðum er spurningum svarað og upplýsinga er aflað með því að beita kerfisbundnum aðferðum. Viðtölin voru opin með nokkrum fyrir fram ákveðnum spurningum. Leitast var við að kanna hvað er mikilvægt fyrir þátttakandann og hvaða merkingu hann leggur í efni rannsóknarinnar með því að lesa í söguna sem hann hefur að segja frá hans sjónarhorni (Helga Jónsdóttir, 2013).

Þekking verður til út frá sameiginlegum skilningi sem þróast hefur í samskiptum rannsakanda og þátttakanda. Markmiðið með því að nota þessa aðferð er að auka skilning á fyrirbærinu (Helga Jónsdóttir, 2013). Notast verður við þemalyklun (e. coding) (Lichtman, 2013) til að greina viðtölin. Sú aðferð felur í sér að viðtölin verða lesin oft yfir og fundin verða sameiginleg þemu þeirra á milli. Þemun sem einkenna viðtölin verða síðan notuð til þess að svara rannsóknarspurningunni.

Afla þarf upplýsts samþykkis frá þátttakendum, það er vegna þess að þátttakandi á rétt á að vita hver hans þáttur í rannsókninni er og hvernig upplýsingar um hann verða birtar.

Þátttakendur fá einnig að vita að þeir geta dregið sig úr rannsókninni hvenær sem er og þurfa ekki að taka þátt í viðtölunum ef þeim snýst hugur (Helga Jónsdóttir, 2013).

Viðtalsspurningarnar innihalda þætti sem snúa að grunnskólagöngu viðmælenda. Með spurningunum verður leitast við svörum við þætti foreldra þeirra og hvernig hann hefur haft áhrif á grunnskólagöngu þeirra. Hvort sem það er á áhugi þeirra eða áhugaleysi. Með svörunum verður vonandi hægt að finna tengingu á milli áhuga foreldra og að viðmælendi fari í framhaldsnám eða að áhugaleysi foreldranna hafi þau áhrif að viðmælendur fari ekki í framhaldsnám.

2.2 Framkvæmd rannsókna

Við framkvæmd rannsóknarinnar notaðist rannsakandi við viðtalsramma sem hann hafði sett saman sem innihélt opnar viðtalsspurningar (sjá fylgiskjal 1). Spurningarnar komu bæði frá rannsakanda og úr efni fræðilega kafla þessarar ritgerðar. Alls voru spurningarnar 15 talsins og höfðu einhverjar fleiri undirliði. Tekin voru einstaklingsviðtöl við þátttakendur á heimilum þeirra. Rannsakandi fór heim til fjögurra þeirra og settist niður með þeim og tók upp viðtölin á síma sinn. Einn þátttakandinn býr erlendis og var viðtalið við hann tekið í gegnum samskiptaforritið Messenger og tekið upp á símann. Viðtalið fór fram með hljóði og mynd og auðveldaði það rannsakanda að lesa í tilfinningar. Viðtölin voru framkvæmd þannig að kveikt var á upptöku, rannsakandi spurði spurninga og viðmælendur svöruðu. Viðtölin héldu góðum takti út spurningalistann og þegar þangað var komið lauk viðtalinu.

Rannsakandi ákvað að taka opin viðtöl til þess að sjá og heyra frá þeim sem höfðu reynslu af rannsóknarefninu. Hann taldi að með því fengjust áreiðanlegar upplýsingar sem myndu nýtast vel í rannsókninni.

Einn þátttakandi býr erlendis en hinir fjórir á Íslandi. Þegar rannsakandi mætti á heimili þátttakendanna sem búa á Íslandi, og þegar myndbandsviðtalið hófst byrjaði hann á að kynna sig. Eftir að sest var niður og áður en upptakan fór í gang útskýrði hann rannsóknina, tilgang hennar og ástæður þess að hann valdi að taka þetta efni fyrir. Með því var rannsakandi að opna sig með því markmiði að ná trausti þátttakenda (Lichtman, 2013).

Eigindleg tilviksrannsókn: Rannsakandi hefur áhrif á rannsóknina með persónuleika sínum og það hvernig hann les í aðstæður. Hann skoðar tengsl aðstæðna og hvernig þær hafa áhrif á þátttakendur. Spurningum er svarað og upplýsingum er aflað með

kerfisbundnum aðferðum. Viðtöl með opnum spurningum eru tekin við þátttakendur og unnið er úr þeim til að fá niðurstöður og til að fá svör við rannsóknarspurningum.

2.3 Val á þátttakendum

Þátttakendur voru valdir með hentugleikaúrtaki. Með þeirri tegund úrtaka er auðvelt að ná til þeirra sem valdir eru og velur rannsakandi þá því þeir henta rannsókninni best (Þórólfur og Þorlákur, 2013). Rannsakandi hafði ákveðna einstaklinga í huga sem féllu undir þau atriði sem rannsaka átti og var ætlunin að biðja þá um að taka þátt. Þegar kom að því að hafa samband við væntanlega þátttakendur kom í ljós ákveðin tregða gagnvart rannsóknarefninu. Aðstæður höfðu breyst hjá einhverjum af þeim og gerðu það að verkum að einungis voru tveir af fimm sem gátu tekið þátt af þeim sem áður höfðu líst yfir áhuga á þátttöku. Rannsakandi leitaði því töluvert mikið í kringum sig að viðmælendum en þar sem rannsóknarefnið er viðkvæmt var ekki við hæfi að spyrja hvern sem er þó þeir væru kjörnir til þátttöku. Viðmælendur urðu að lokum fimm talsins, fjórir kvenkyns og einn karlkyns.

2.4 Þátttakendur

Þátttakendur voru valdir með það í huga að þeir áttu það sameiginlegt að hafa alist upp hjá foreldrum sem sýndu grunnskólanámi þeirra takmarkaðan áhuga. Þátttakendur voru fimm talsins, fjórar konur og einn karlmaður. Það eru á aldursbilinu 28 ára til 43 ára. Í töflu 2 má sjá nánari lýsingu á þátttakendum rannsóknarinnar. Þar kemur fram gervinafn, kyn, aldur, menntun og starfsreynsla þeirra. Allir þátttakendur eiga það sameiginlegt að hafa hætt í námi ung að aldri, ýmist við lok grunnskóla eða á fyrsta ári í framhaldsskóla. Þrjú þeirra hafa hafið nám aftur á fullorðinsaldri, ýmist framhaldsskólanám eða háskólanám eftir að hafa klárað háskólabrú. Ekkert þeirra hefur þó lokið við framhalds- eða háskólanám.

Tafla 2 Lýsing á þátttakendum rannsóknar.

NAFN	KYN	ALDUR	MENNTUN	STARFSREYNSLA
ANDREA	kvk	29	Grunnskóli, í námi	Vinnur í grunnskóla með námi
ARI	kk	43	Grunnskóli	Sjómaður
EMMA	kvk	28	Grunnskóli	Takmörkuð
HILDUR	kvk	33	Í háskólanámi	Leikskóli og afgreiðsla
JANA	kvk	45	Grunnskóli, í námi	Bókhald og ýmis störf

Öllum þátttakendum voru gefin dulnefni til að gæta trúnaðar, foreldrar þeirra fengu ekki dulnefni, heldur talað um þá sem mömmu og pabba. Þátttakendum var sýnt blað með upplýstu samþykki sem þeir skrifuðu undir. Upplýsta samþykkið upplýsir þátttakendur um rétt þeirra til að hætta þátttöku hvenær sem er á meðan á rannsókninni stendur, sagt er frá því í hverju rannsóknin felst og hver það er sem framkvæmir hana (sjá fylgiskjal 2).

2.5 Skráning og úrvinnsla gagna

Viðtölin sem tekin voru við þátttakendur fóru fram í desember 2019 til febrúar 2020. Þau voru tekin upp á Iphone síma í forritinu Voice memos. Viðtölin voru afrituð eftir að hafa verið flutt í tölvu. Rannsakandi notaðist við VLC media player sem stillt hafði verið þannig að hægt var að nota CTRL hnappinn á lyklaborðinu og bilstöngina til þess að stoppa viðtalið og setja af stað á ný og þá var ekki nauðsynlegt að fara á milli glugga í tölvunni. Það auðveldaði afritunina til muna. Hvert viðtal var frá 35 mínútum til 55 mínútna. Afritunin er á 45 blaðsíðum.

Greining gagnanna fór fram eftir að öllum viðtölum voru lokið, rannsakandi hafði ekki tók á öðru þó svo að t.d. Lichtman mæli með því. Unnið var skipulega úr gögnunum við túlkun og við að setja fram niðurstöður.

Rannsakandi kóðaði viðtölin (Lichtman, 2013), í því felst að skráning viðtalanna eru lesin og kóðar dregnar út úr því og þeir lýsa í örstuttu máli innihaldi textans. Kóðarnir geta staðið einir og ekki þarf að lesa textann til að átta sig á hvað sé verið að tala um. Við kóðunina fást

greinandi hugtök eða þemu sem eru svar við rannsóknarspurningunni sem var ávallt í huga rannsakanda. Vandað var til verks við vinnuna.

2.6 Réttmæti og áreiðanleiki

Þegar talað er um réttmæti rannsóknar er verið að vísa í nákvæmar fullyrðingar og mælikvarða á sannleika (Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Réttmæti segir hversu vel gögnin svara því sem spurt var um (Guðrún Pálmadóttir, 2013). Með réttmæti og áreiðanleika reynir rannsakandinn allt sem hann getur til þess að auka gæði rannsóknarinnar og ígrundar hvernig best er að efla réttmæti hennar og áreiðanleika. Hann velur úrtaksaðferð, hvernig hann hyggst safna gögnum og hvernig hann ætlar að greina þau með réttmæti og áreiðanleika í huga (Sigríður og Ragnheiður, 2013). Áreiðanleiki er gagnslaus án réttmætis og felur hann í sér að annar aðili geti fengið svipaðar niðurstöður og rannsakandinn með sömu rannsóknargögnum og við svipaðar aðstæður (Sigríður og Sigurlína, 2013).

2.7 Siðferðisleg atriði og leyfi

Við framkvæmd á rannsókninni hafði rannsakandi nokkur atriði í huga varðandi val á þátttakendum og almenn siðferðisleg gildi sem þarf að hafa í huga í slíkri rannsókn og er rakin í þessum undirkafla. Rannsakandi þarf til að mynda að hafa ýmiss siðferðisleg atriði í huga svo að rannsóknin geti staðið undir nafni. Einstaklingar hafa hagsmuni sem ber að virða og það er rangt að vanvirða þær ákvarðanir sem sjálfráða einstaklingur hefur tekið, einnig er rangt að mismuna fólki. Siðferðislegu atriði þessi setja rannsakendum ákveðnar skorður við framkvæmd rannsókna. Rannsakandinn getur haft fjórar höfuðreglur siðfræðinnar í huga þegar hann undirbýr rannsókn sína (Sigurður Kristinsson, 2013).

Sjálfræðisreglan segir til um virðingu fyrir manneskjunni og að rangt sé að misnota fólk eða virða ekki mörk þeirra. Upplýsta samþykkið sem þátttakandi þarf að gefa fellur undir þessa reglu. Veita þarf þátttakendum nægilega vitneskju um eðli rannsóknarinnar svo hann sé fær um að taka meðvitaða ákvörðun um þátttöku eða ekki. Einnig þarf að upplýsa þátttakendur um það hver það er sem stendur fyrir rannsókninni, hver tilgangur hennar er, tímalengd, hvernig niðurstöður verða birtar og áhættu hennar. Skaðleysisreglan segir að rannsóknin megi ekki fela í sér ónauðsynlega áhættu fyrir þátttakendur og þarf rannsakandinn að sjá til þess að sú áhætta sem er sé innan viðunandi marka. Ávinningur

Þátttakenda þarf að vera nægur til þess að réttlæta þá áhættu sem er. Velgjörðareglan segir til um skylduna til að láta sem best af sér leiða og að velja eigi leiðirnar sem fórna minnstu. Það er skylda samkvæmt þessari reglu að rannsaka á einungis það sem líklegt er til að hafa góð áhrif á manninn. Réttlætisreglan segir til um að þeir hópar sem hafa veika stöðu séu verndaðir fyrir áhættu og á þetta reynir þegar kemur að því að velja þátttakendur. Reglan segir að hver og einn á að fá það sem hann á skilið þegar litið er til þess hvað þeir eiga að fá í skiptum fyrir þátttöku sína. Það er alltaf matsatriði hvaða regla vegur þyngst við ákveðnar aðstæður (Sigurður Kristinsson, 2013).

Í bók Lichtman (2013) sem fjallar um eigindlegar menntarannsóknir eru nytsamleg siðferðisleg atriði talin upp sem rannsakandi þarf að hafa í huga, eru þau m.a. að forðast þarf að verða of náinn þátttakendum svo að línan á milli rannsakanda og þátttakanda verði ekki óskýr. Þátttakandi á að geta ætlast til þess að rannsakandi virði hans mörk. Rannsakandi þarf líka að setja gögnin þannig fram að aðrir geti metið trúveruleika þeirra. Hún talar einnig um atriði eins og að ávallt skuli halda trúnaði og setja gögnin þannig fram að ekki er hægt að lesa á milli línanna hver það er segir frá. Virða á persónuleg mörk og ekki skal valda skaða.

Viðkvæmar persónuupplýsingar um þátttakendur eins og litarhaft, kynþáttur, áfengis- og vímuefnanotkun og lögbrot sem dæmi má ekki vera hægt að rekja til þeirra. Einnig þarf að virða einkalíf þeirra og friðhelgi með því að leyfa þeim að stjórna hver fær aðgang að upplýsingum um þeirra einkahagi. Rannsakandi þarf að sjá til þess að brjóta ekki gegn friðhelgi einkalífs þátttakanda með því að fjalla um þessi mál án þeirra samþykkis. (Sigurður Kristinsson, 2013). Rannsakandi þarf að búa til dulnefni yfir þátttakendur sem hann einn hefur aðgang að og geymir á öruggum stað svo að óviðkomandi aðilar komist ekki í hann. Eyða þarf síðan öllum gögnum með persónugreinanlegum upplýsingum þegar búið er að vinna úr þeim

Rannsakandi þarf að semja upplýsingablað sem bæði hann og þátttakandi skrifa undir í upphafi (sjá fylgiskjal 2). Fram þurfa að koma ýmsar upplýsingar sem eru vel skiljanlegar. Rannsakandi þarf að kynna sig og taka fram að um rannsókn sé að ræða, nafnið á henni, tilgangurinn, hvert hlutverk þátttakandans sé og hversu langan tíma þátttakan muni líklegast taka. Taka þarf fram hvaða áhættu og óþægindi þátttakan geti valdið. Ef þátttakandi hlýtur skaða af við að rifja upp mál, eða annað sem hann ræður illa við og rannsakandi getur ekki aðstoðað hann með, er mikilvægt að útskýra vel fyrir honum hvaða aðstoð honum verði veitt

(Sigurður Kristinsson, 2013). Það er á ábyrgð rannsakanda að upplýsa þátttakendur eins mikið og unnt er. Rannsakandi á einnig að gera þátttakendum það ljóst strax í upphafi að þeir geta dregið sig út úr rannsókninni ef þeir vilja án þess að það hafi einhver áhrif á þá (Lichtman, 2013).

Lichtman skrifar líka um mikilvægi þess að rannsakandi myndi traust tengsl við þátttakendur svo að þeim líði vel í návist hans og geti þar að leiðandi opnað sig og rætt við hann um sína reynslu. Á sama tíma þarf að gæta þess að sambandið á milli þeirra verði ekki að vinasambandi og þar að leiðandi of tengt.

Val á þátttakendum er vandasamt ferli, en við þessa rannsókn var stuðst við hentugleikaúrtak, þar sem þátttakendur höfðu allir reynslu af takmörkuðum stuðningi eða jafnvel vanrækslu foreldra þegar kom að námi þeirra. Hengtugleikaúrtak er mikið notað í eigindlegum rannsóknum þegar rannsóknarefninu er ætlað að einbeita sér að sérstæðri upplifun þátttakenda. Rannsóknin er takmarkandi að því leiti að úrtakið eru aðeins fimm einstaklingar og því varasamt að alhæfa út frá niðurstöðum. Rannsóknin getur þó stuðlað að auknum skilningi á rannsóknarefninu og gefið tilefni til ákveðinna aðgerða, bæði hjá foreldrum og í skólakerfinu.

3 Niðurstöður

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þátttakendum rannsóknarinnar stuttlega ásamt bakgrunni þeirra. Þar að auki verða settar fram niðurstöður rannsóknarinnar sem byggja á þeim meginþemu sem viðtöl við þátttakendur leiddu í ljós og greindar hafa verið. Þemun sem greiningin á viðtölum leiddi í ljós og verða rædd frekar í næstu undirköflum eru þessi:

- Heimilisaðstæður
- Tómsundur og önnur áhugamál
- Áhugaleysi foreldra varðandi viðburði
- Menntun foreldra
- Áhugi eða skortur á honum í öllu sem tengist menntun
- Kvíði
- Samantekt niðurstæða

Að lokum verður helstu niðurstöður teknar saman og ræddar stuttlega, ásamt þeim spurningum og vangaveltum sem niðurstöðurnar vekja upp.

3.1 Þátttakendur og bakgrunnur þeirra

Þátttakendur rannsóknarinnar eru fimm talsins, fjórar konur og einn karl. Öll eiga þau það sameiginlegt að hafa alist upp á heimilum þar sem námi þeirra, áhugamálum, tómsundum og fleiru var ekki sýndur áhugi af foreldra hendi. Þátttakendurnir eru öll fullorðin í dag og hafa þess vegna þroska til þess að horfa til baka og ræða aðstæður sem þeir ólust upp við og geta gert sér í hugarlund hvað betur hefði mátt fara. Þátttakendur fengu nöfnin Jana, Andrea, Emma, Hildur og Ari.

3.2 Heimilisaðstæður

Tveir af viðmælendunum búa einungis hjá mömmu og systkinum sínum, hinir þrír búa með báðum foreldrum og systkinum en þabbarnir vinna allir að heiman og eru mikið fjarverandi. Á þessu heimilum var skólanum og því sem honum tengdist ekki sinnt, eða allavega mjög lítið. Heimilisaðstæður studdu ekki við nám viðmælenda.

Ari og Jana reyndu eftir bestu getu að sinna sínu námi sjálf, strax í upphafi skólagöngunnar, en það getur reynst ungu barni erfitt þegar aginn er ekki til staðar og enginn er að hjálpa til við að efla hann. Jana átti bróður sem átti við mikla námsörðuleika og agavandamál að stríða og fór allur tími sem mamma hennar átti í það að sinna honum og hans málum. Það var samt ekki mikill tími og var honum lítið sinnt þegar kom að námi.

Það komu dagar þar sem Ari nennti ekki í skólann og sagðist þá vera veikur og komst upp með það því mamma hans var ekki til staðar þannig séð til þess að segja annað eða hvetja hann áfram í skólann. Hann nýtti sér þetta eins og hann gat. Hann segir að börn sem þurfa snemma að standa á eigin fótum læri það fljótt hvern sé hægt að stóla á og hvern ekki. Þegar Jana og Ari urðu eldri þá minnkaði áhuginn því engin hvatning frá mömmum þeirra var til staðar.

Afleiðingar þess að búa á brotnu heimili og við óeðlilegar aðstæður geta verið þær að barn er sent í fóstur á annað heimili. Sú varð raunin hjá Ara, hann hafði gert sitt besta til að ráða við aðstæður sjálfur, reynt að sinna náminu en lifað eftir eigin reglum á sama tíma. Hann segir að helsta áskorunin við að fara í fóstur hafi verið að búa við reglur og þurfa að fara eftir þeim.

„Þú veist bara þessi regla sem er á eðlilegum heimilum.“

Allt í einu átti hann að læra heima, koma inn að borða á matmálistímum og fara sofa á ákveðnum tíma. Þetta reyndist honum erfitt en í dag horfir hann á þennan tíma og reynir að lifa eftir þessum reglum í stað þess að hafa engar.

Viðmælendurnir skynjuðu það og skildu að mömmur þeirra voru ekki réttu aðilarnir til að biðja um aðstoð frá. Annað hvort voru þær að sinna öðru, eins og vinnu eða systkinum þeirra en aðrar höfðu ekki getuna til þess að hjálpa. Uppeldi flestra viðmælendanna var ekki eðlilegt og bauð ekki upp á námslega aðstoð né hvatningu.

Áfengi hafði mikil áhrif á heimilisaðstæður Andreu, Emmu, Jönu og Ara. Mömmur Andreu, Ara og foreldrar Emmu drukku mikið innan um þau og systkini þeirra og litar það æsku þeirra. Mamma Andreu var oft mjög drukkin í kringum hana, stundum í nokkra daga í einu. Þá daga var ekki hægt að treysta á hana til þess að sjá um það sem tengist heimili eða barnauppleidi. Þar sem pabbi hennar var mikið fjarverandi komu oft tímar þar sem systkinahópur hennar þurfti að sjá um sig. Drykkjan á heimili Emmu var oft á tíðum mikil og

hafði slæm áhrif á foreldra hennar. Ari talar um að hann hafi upplifað drykkju á heimili sínu í æsku og alkóhólisma. Hann byrjaði snemma að drekka og fannst það ekki mikið mál því hann var oft innan um áfengi og engum fannst það stórmál. Mikið var drukkið á æskuheimili Jönu og eftir að hún varð fullorðin hafi hún og barnsfaðir hennar drukkið mikið sjálf og fór hún í meðferð fyrir nokkrum árum. Jana er ennþá að vinna í þeim málum og afleiðingum þeirra.

Jana er að berjast í sínum málum í dag, hún segir að eftir að fólk fari í meðferð þá sé búið að dæma það. Meðferð segir hún að sé auðveld en það sem tekur við eftir hana sé það ekki. Það vantar allt sem á að taka við eftir hana og afleiðingarnar séu þær að hún er föst á stað sem hún vill ekki vera á. Hún segir að ástæða þess að hún fór að drekka óhóflega mikið var til þess að flýja brotnu fjölskylduna sína.

Emma hefur farið í meðferð við fíkniefnavanda sínum oft en einu sinni. Fíknivandi hennar hafði mjög slæm áhrif á hana og börnin hennar tvö sem hún eignaðist ung. Fíknin var sterk og hún missti tökin og það sem verra er, hún missti forræðið yfir börnunum sínum. Hún er enn í dag að vinna í sinni fíkn. Vegurinn hefur aldrei verið greiður og hefur hún þurft að komast yfir hindranir allt frá því að hún var barn og enn þann dag í dag.

Ari tengir vandamál æsku sinnar við vanhæfa móður sem var í afneitun og drakk mikið. Hann segist ekki ætla að segja henni hvernig hann upplifði æsku sína vegna þess að hann viti að hún sjái vandamálin ekki frá sama sjónarhorni og hann.

„Auðvitað var maður leiður og svona þegar maður var yngri, en svo komst maður að því að enginn var að hlusta. Ég þurfti bara að standa á eigin fótum og þurfti bara að mynda mínar eigin skoðanir og þú veist.“

Hann segist ekki ætla segja henni að hann ætlaði ekki að hafa þetta svona þegar hann yrði eldri, hann ætlaði að hafa allt á hreinu. Hann segir að mamma sín sjái bara það góða og að hennar upplifun sé sú að hún hafi bara gert rétt. Það er gott samband þeirra á milli í dag svo lengi sem hann sé ekki að róta of mikið í fortíðinni.

„Svo er þetta svo skrytið, ég veit að sumir öfunduðu mig af því hversu frjáls ég var, en á sama tíma öfundaði ég þau af því sem þau höfðu, þau höfðu öryggið.“

Mamma hennar Andreu er á bótum og markmiðið hjá henni var að kenna börnum sínum á það. Hún lagði ekkert á sig til þess að kenna þeim eitthvað sem tengdist námi þeirra eða til að sýna skólagöngu þeirra áhuga, en það sem hún hafði áhuga á var að kenna þeim að

fara í gegnum lífið auðveldu leiðina, því hún valdi hana. Auðvelda leiðin er að þekkja kerfið, vita hvar hægt sé að nálgast peninga án þess að þurfa vinna fyrir þeim í raun. Markmiðið var að komast á félagslegar bætur og fá félagslega íbúð. Eftir það væri hægt að hafa það gott. Einu áhyggjurnar væru bara að halda sér á bótum en hún kenndi þeim leiðir til þess. Andrea segist upplifa þetta eins og mömmu hennar hafi ekki fundist hún nægilega góður pappír til þess að fara í gegnum skóla, eins og hún gæti ekki lært neitt

3.3 Tómsundur og önnur áhugamál

Tómsundur eru börnum mikilvægar og er það ekkert öðruvísi hjá viðmælendum rannsóknarinnar. Allir viðmælendurnir eiga það sameiginlegt að hafa aldrei af neinu viti stundað markvissar tómsundur eða æft íþróttir. Jana segir að hún hafi haft viljann til þess að æfa íþróttir og hafi dans og sund staðið þar upp úr. Hún æfði um tíma en hætti fljótlega og segir:

„Ég hefði þurft að vera í betlarastöðunni því þetta voru það langar vegalengdir, ég bý í sveitinni, ég hefði ekki einu sinni geta bjargað mér sjálf.“

Hún var efnileg í sundi og vann til verðlauna, hún hafði getuna til að æfa en ekki stuðninginn á bakvið sig til að koma sér á milli staða á æfingar og mót, það var ástæðan fyrir því að hún hætti. Hún talar líka um dansnámskeið sem haldið var í skólanum hennar, þá kom danskennari frá stærri skóla í litla skólann hennar og kenndi þeim sem skráðir voru í námskeiðið. Jana hafði mikinn áhuga á dansi og laumaði sér þess vegna á æfingarnar sem voru á skólatíma. Maginn var í hnút á hverri æfingu þegar hún var spurð út í námskeiðsgjaldið sem mamma hennar hafði ekki efni á að borga fyrir. Hún hafði afsakanir á reiðum höndum á borð við að hafa þvegið kvittunina í þvottavélinni eða að hún hafi týnt henni. Viljinn var það mikill að hún var viljug til að ljúga til að fá að vera með, og það gekk upp hjá henni.

Ari segist ekki muna eftir því hvort hann hafi viljað æfa einhverjar tómsundur, hann hafi bara verið mikið úti að leika og í fótbolta með vinum sínum. Hann stundaði engar tómsundur og segir að núna viti hann að hann hefði aldrei haft tækifæri til að stunda eitthvað sem kostaði peninga því það litla sem til var hefði aldrei verið eytt í svona.

Andrea æfði Taekwondo í stuttan tíma en þurfti að hætta því foreldrar hennar höfðu ekki efni á því lengur, hún fór þá á nokkrar kóræfingar sem voru fríar en fann sig ekki þar og hætti þess vegna eftir stuttan tíma. Hún fann enga hvatningu frá foreldrum sínum til þess að æfa íþróttir eða stunda aðrar tómstundir, það hafi bara aldrei verið í umræðunni.

Hildur æfði fótbolta í nokkur ár í æsku. Hún segir að það hafi gert henni gott, að hafa stað og stund til að mæta á kenndi henni stundvísi, ábyrgð og aga. Hún tók þátt í fjáröflunum með liðinu og það hafi gert það að verkum að hún gat farið á mót. Foreldrar hennar mættu ekki oft á leiki, þeir fáu sem hún man eftir þeim á voru í heimabyggð. Ef mót voru haldin þar sem fararstjóra þurfti þá segir hún að alltaf hefðu sömu foreldrarnir verið fararstjórar. Hún óskaði þess sem barn að foreldrar hennar hefðu komið einhvern tímann því hún tók eftir hversu gott samband þessara foreldra voru við börnin sín og hina krakkana.

3.4 Áhugaleysi foreldra á viðburðum skólans

Það er áberandi í gengum viðtölin hversu fjarverandi foreldrar viðmælendanna voru. Þeir töluðu lítið sem ekkert um skólann við þau, hvöttu ekki til tómstunda né virtust sýna neinu sem þeir voru að eigast við áhuga. Hvað sýningar eða viðburði á vegum skólans varðar er sömu sögu að segja. Hjá Emmu er fátt um svör, hún segir bara að foreldrar hennar sóttu aldrei neitt sem á vegum skólans var. Jana segir að mamma hennar hafi unnið svo mikið og hafði aldrei tækifæri á því að taka frí til að vera viðstödd sýningar eða annað. Ari átti það til að vera þver og neita að gera ýmislegt sem var á dagskrá og það átti við um allt sem hétu leiksýningar eða annað. Hann hafi aldrei boðið mömmu sinni því hann hafði ekki áhuga á því að taka þátt í svona, eins hafi hann þurft að standa á eigin fótum hvað skólann varðar og veit hann að það hefði verið eins með viðburðina. Hildur segir að með sýningar og annað sem var á vegum skólans hafi gilt það sama og um fótboltann, foreldrar hennar mættu sjaldnast á neitt og situr það enn í henni í dag. Hún man eftir því að hafa fylgst með öðrum foreldrum og sérstaklega þeim sem mættu á allt og viljað eiga foreldra eins og þá. Hún á sjálf barn í dag og hún mætir á alla viðburði sem tengist því, litla sem stóra. Hún gerir sitt besta til að vera eins og foreldrarnir sem mættu á allt. Þetta varð til þess að hún skráði sig í foreldrafélag leikskóla dóttur sinnar og er virk þar við undirbúning, viðburði og fleira sem er í höndum foreldrafélaga. Hildur segir að ákvörðunin um að skrá sig í foreldrafélagið hafi 100% komið frá þessu sem hún talar um í æsku. Foreldrar Andreu voru engin undantekning þarna, hún

segist ekki muna eftir þeim á neinum viðburðum, hún minnst þess heldur ekki að það hafi haft nein áhrif á hana. Hún segir:

„Stundum voru einhverjir voða sárir yfir því að mamma þeirra eða pabbi komust ekki en ég er bara hmm.. mér var bara sama. Ég var bara fegin að þau hefðu ekki komið sko.“

Andrea talar um að mamma hennar hafi þótt allt sem tengdist skólanum pirrandi, það hafi tekið tíma frá henni og hún hafi ekki nennt að standa í því. Hún segir frá því að þegar eitt af eldri systkinum hennar var í 10. bekk og var að fara taka samræmt próf hafi mamma þeirra kvatt það með þeim orðum að drífa sig. Þau voru nefnilega að fara í verslunarmiðstöð og hún nennti ekki að bíða lengi. Systkini Andreu merkti prófið með nafni og eyddi biðtímanum, þeim tíma sem skylda er að sitja inni í að fletta í gegnum prófið og merkja við með x á hinn og þennan staðinn, algjörlega út í loftið. Um leið og tíminn var búinn fór það út í bíl til mömmu þeirra og þau keyrðu af stað. Áhugaleysi mömmu hennar var algjört.

3.5 Menntun foreldra

Mömmur viðmælendanna eru fimm talsins, engin af þeim er með frekari menntun en grunnskólagöngu, ein þeirra gekk ekki í grunnskóla í nema þrjú ár. Pabbarnir þrír eru allir með iðmenntun, einn kláraði reyndar ekki, en hóf námið.

Mamman sem gekk einungis í grunnskóla í þrjú ár ólst upp á afskekktum stað á Íslandi og er fædd í kringum 1955. Hún hafði þess vegna lítinn grunn til þess að byggja á segir Jana þegar kom að því að aðstoða hana við heimanám. Það er meðal annars ein ástæða þess að hún hafi gengið í gegnum sína grunnskólagöngu nokkuð sjálfstætt, auk þess hafi mamma hennar unnið mikið. Ari segir að mamma sín hafi rétt haft það í gegnum grunnskóla, hún hafi aldrei menntað sig meira en það. Hún hefur átt við geðræn vandamál að stríða og hafi í raun aldrei verið hæf til þess að ala upp börn, þó hún hafi gert sitt besta. Að sögn Andreu er mamma hennar sérfræðingur á kerfið, hennar eina menntun. Hinir viðmælendurnir höfðu ekki mikið um menntun mæðra sinna að segja, lítið hafi verið talað um það á uppvaxtarárunum.

3.6 Áhugi eða skortur á honum í öllu sem tengist menntun

Mömmur viðmælendanna virtust áhugalausar um menntun þeirra, spurðu ekki, buðust ekki til að hjálpa, voru ekki í sambandi við skólann, kennara eða annað starfsfólk og sáu ekki til þess að börnin lærðu heima eða undirbjuggu sig fyrir próf. Einkunnir og bréf frá skólum viðmælenda voru sjaldnast skoðuð og virtust foreldrarnir ekki vera upplýstir um nám þeirra almennt. Skólinn var sjaldnast í umræðunni, ef hann var ræddur þá var það oftast í neikvæðri mynd, engin millivegur var, því annaðhvort var hann ekkert ræddur eða neikvætt ræddur. Hildur segir frá því að mamma hennar hafi aldrei spurt hana út í neitt tengt náminu, hún fylgdist ekki með því hvort hún var búin að læra. Hún man reyndar ekki hvernig þetta var alveg í byrjun, hvort hún hafi verið látin lesa eins og gert er í upphafi grunnskólagöngunnar, en eftir að hún varð eldri þá var ekkert spurt. Pabbi hennar var sjómaður og var þess vegna oft að heiman, hann hafi þó aðeins spurt út í skólann en ekki mikið. Hún segist muna eftir því að stundum hafi hún fengið að herma eftir verkefnum vinkvenna sinna rétt áður en þær fóru í tíma því hún hafði ekki unnið þau heima og að aldrei hafi hún eytt meira en klukkutíma í að læra undir próf því hún hafi einfaldlega ekki kunnað það. Mamma Andreu vann oft heimanámið fyrir hana í stað þess að hjálpa henni eða leiðbeina henni við það.

Emma segist aldrei hafa fengið hjálp við heimanám eða annað tengt skólanum frá mömmu sinni. Ef hún hafi þurft hjálp þá leitaðist hún eftir henni hjá pabba sínum. Hún var samt alltaf með varann á þar því hann brást oft illa við ef hún skildi ekki það sem hann var að segja eða útskýra. Hann kallaði hana aumingja ef hún kunni ekki það sem hún var að reyna gera.

Pabbi Emmu virtist vera í afneitum um mál dóttur sinnar og kenndi skólanum um allt sem misfórst, hann sagði kennarana ekki vera nægilega góða til að sinna þessari vinnu og kallaði skólastjórana öllum illum nöfnum.

Allir foreldrar viðmælendanna áttu það sameiginlegt að tala illa um skólastjórnendur sem hafði neikvæð áhrif á viðmælendur því það voru þeir sem þurftu að mæta þeim á degi hverjum. Á heimili Andreu, þar sem foreldrarnir bjuggu báðir á talaði hún um að pabbi hennar hafi verið jákvæðari gagnvart skólanum en mamma hennar. Andrea segir að hefði pabbi hennar verið meira til staðar hefði hún gert betur, því hún vildi ekki bregðast pabba sínum. Þarna höfðu skoðanir foreldranna á skólanum þessi áhrif.

Viðmælendur leituðu eftir aðstoð annars staðar frá en frá foreldrum en það minnkaði með tímanum. Ari segist hafa þegið þá hjálp sem honum bauðst þegar kom að náminu, hann var klár strákur sem gekk vel ef honum var hjálpað. Þegar hann fékk ekki hjálp við lærdóm þá sinnti hann honum verr því hvatninguna vantaði. Hann var duglegri í þeim fögum sem hann hafði áhuga á eins og landafræði eða stærðfræði, en ef fagið vakti ekki áhuga hans þá sinnti hann því ekkert. Hann var duglegur í skóla þegar kennarinn hvatti hann áfram og notaði verðlaunakerfi, hann vann ákveðið mikið í nokkra daga og fékk þá kassetu eða annað í verðlaun.

Áhrif þess að hafa ekki þurft eða fengið hjálp og hvatningu heima fyrir við að læra í æsku sýnir sig hjá þeim viðmælendum sem hafa reynt við framhaldsnám. Þeim skortir sumum agann eða þolinmæðina, þeir hafa byrjað en ná ekki að halda áfram með námið, aðrir kunna einfaldlega ekki að læra. Andrea segir:

„Ég kann ekki einu sinni að læra heima. Þegar ég er í skólanum núna, og ég kann ekki að læra heima. Ég þarf að fara á bókasafn eða læra í hóp með einhverjum öðrum sem er að læra því ég bara kann það ekki.“

Jana segist verða að læra ein því í hóp finnst henni hún vera heimskust, hún hafi bara aldrei þurft að læra með öðrum og hafi fundið leið ein, sem hentar henni vel. Þess vegna geti hún ekki verið í námi sem krefst mikillar hópavinnu.

Foreldrar eru sterkur áhrifaþáttur þegar kemur að menntun barna. Viðmælendurnir koma inn á það að hvernig þeir voru aldir upp hefur jákvæð áhrif á þá í dag því þeir viti hvað á ekki að gera. Þeir gera sitt besta til að uppeldið þeirra endurspeglar ekki í því hvernig þeir ali upp sín börn.

Ari og Jana tala um að þau hafi reynt eins og þau gátu að standa sig og vera sjálfstæð í náminu. Ari gafst fljótt upp eftir að hafa reynt að sjá um allt sjálfur og með aldrinum fór honum að verða meira og meira sama. Áhuginn fór meira yfir á vinina og þegar gelgjan fór að láta á sér kræla og honum fannst hann vera aðal maðurinn þá langaði honum ekkert að læra. Einnig segir hann að sex til tólf ára gömul börn hafi ekki þroskann í að sjá um skólann sjálf og því sem honum tengist, hann reyndi án mikils árangurs. Áhugi hans var drifinn áfram af verðlaunakerfum, annars nennti hann þessu ekki nema einungis ef áhuginn var virkilega til staðar. Hann fór í fóstur um 13 ára aldur og þá var hann rekinn svolítið áfram og honum þótti

Það slæmt því hann þekkti það ekki og hafði aldrei haft neinn sem gerði það. Hann hafði vanist því að sjá um sig sjálfur og vildi halda því áfram. Þau tvö, Jana og Ari ásamt Hildi fannst gaman í grunnskóla, þau vildu vera þar þó áhuginn hafi verið mismikill eftir aðstæðum og tíma. Hildur er eini viðmælandinn sem gekk í sama grunnskólann alla grunnskólagönguna, hin skiptu oft um skóla og hafði það mikil áhrif á þau. Rótleysið, að þurfa kynnast nýjum vinum, nýjum kennurum og nýjum skólastjórnendum hafði slæm áhrif. Ara fannst betra í einum skólanum en öðrum, hann segir að í öðrum skólanum hafi kennararnir verið fagmannlegir, viljugir til að hjálpa nemendum og gerðu sitt besta til að nám ætti sér stað. Í hinum skólanum var aðra sögu að segja, þar lögðu kennararnir nemendur í einelti, hann hafi þó sloppið við það að mestu því hann var með skap og svaraði fyrir sig þegar honum fannst það eiga við. Foreldrar eiga það alveg til að láta allt líta vel út þegar það hittir annað fólk segir Ari, hann varð var við mikla meðvirkni í samfélaginu og fannst eins og að fólk hagaði sér öðruvísi út í búð en heima hjá sér eða í einhverju tengdu skólanum. Það sem átti sér stað innan veggja skólans, að kennararnir lögðu nemendur í einelti fannst honum gert lítið úr innan samfélagsins. Honum fannst að ekki væri staðið með honum og hinum nemendum.

Þessar aðstæður voru ekki hvetjandi og ekki hafi hann getað leitað til mömmu sinnar eftir hjálp. Helsta ástæðan fyrir því var sú, segir hann að einstæð móðir hafi ekki verið sterkasta vopnið. Annar nemandi í skólanum var í uppáhaldi hjá kennurunum og pabbi hans var læknir á svæðinu. Stéttaskiptingin hafði sterk áhrif þegar kemur að virðingu við nemendur að mati Ara. Emma segir að henni hafi þótt skólaskiptin sérstaklega slæm, hún skipti um skóla þrisvar sinnum. Henni fannst hennar málum aldrei sinnt nægilega. Hún hafi aldrei verið greind með athyglisbrest, lesblindu eða annað sem átti við hana að hennar sögn. Málin voru sett af stað en aldrei kláruð, þau enduðu bara neðst í bunkanum í nýja skólanum hennar.

Emma hafði aldrei áhuga á skóla, hún missti fljótt áhuga og sinnti skólanum lítið sem ekkert. Námsfnið var of þungt, hún skildi það ekki og þar af leiðandi náði hún náði ekki að fylgjast með. Hún vildi bara hanga með vinum sínum í stað þess að vera í skólanum. Þegar hún hugsar til baka finnst henni eins og hún hafi átt að fá meiri aðstoð innan skólans. Henni fannst ekki komið til móts við hana og hennar aðstæður og upplifunin er sú að hún hafi ekki fengið neina sérstaka hjálp eins og sérkennslu. Andrea gekk í sex grunnskóla og hafði það neikvæð áhrif á hana. Hún segir að um leið og hún hafi verið farin að átta sig á nýja skólanum

og var farin að kynnast nýja fólkinu hafi hún verið tekin úr skólanum og þurfti þess vegna að byrja upp á nýtt. Þetta hafði fljótt þau áhrif að hún hætti að reyna aðlagast breyttum aðstæðum og í raun hafi henni bara verið orðið sama um skólann og allt honum tengdum.

Allir viðmælendurnir nema Emma hafa farið í framhaldsnám, engum hefur tekist að klára það nema Hildi. Hildur byrjaði í menntaskóla strax að loknum grunnskóla en segir að þar sem hún hafi aldrei haft neitt lokamarkmið né sjálfstraust þá hafi hún ekki klárað stúdentsprófið. Enginn í fjölskyldunni hennar er með stúdentspróf og það hafi í raun aldrei verið í umræðunni innan hennar að hún yrði stúdent. Hún fór að vinna og frekara nám var ekki í huga hennar. Það var ekki fyrr en hún eignaðist barn að metnaður hennar jókst og henni fannst hún þurfa að mennta sig til þess að vera góð fyrirmynd fyrir börnin sín. Það var þá sem hún sá að hennar nánustu ættingjar voru ekki með neina framhaldsmenntun og þess vegna hafi það ekki legið í hennar kortum að gera einhverjar breytingar þar á. Hún ætlaði ekki að láta sín börn upplifa þessar tilfinningar svo hún skráði sig í nám í Keili og er núna í háskólanámi. Hennar helsta eftirsjá er að mennta sig samhliða uppeldishlutverkinu og fullri vinnu, í stað þess að hafa klárað námið áður en hún eignaðist barn. Námið tekur mikið af hennar tíma sem hún gæti frekar notið með barninu sínu.

„Ég vona bara að þetta kenni henni að það er betra að mennta sig strax og eignast síðan börn, allavega finnst henni mjög leiðinlegt þegar mamma þarf alltaf að vera læra. En ég er allavega góð fyrirmynd.“

Jana er í námi núna og er að ljúka stúdentsprófi sem hefur tekið hana langan tíma. Hún á uppkomin börn, Jana varð móðir ung og samhliða því reyndi hún að mennta sig, hún gafst reyndar fljótt upp á því þar sem hún hafði lítinn sem engan stuðning og hætti fljótlega í námi. Hún flutti á milli landshluta í von um að fá meiri aðstoð svo hún gæti menntað sig, en með tvö ung börn sá hún að það gekk ekki svo hún flutti aftur heim. Við tóku mörg ár þar sem hún var ekkert í námi þó viljinn væri til staðar, hún hafði enga hjálp og lítinn pening á milli handanna. Henni fannst hún lenda aftur og aftur á vegg. Í dag, mörgum árum seinna er annað barnið hennar einnig í námi og segist Jana gera sitt besta til þess að styðja börnin sín og vera til staðar fyrir þau. Það sem hún ólst upp við, kenndi henni að hún þarf að veita sínum börnum stuðning og hvatningu til þess að mennta sig.

Ari segist hafa tekið ákvörðun út frá því hvernig hann ólst upp:

„Ég tók bara ákvörðun, ég hugsaði bara finnst mér það rétt sem hún er að segja og gera? Vill ég svona líf eða vill ég fara mína eigin leið?“

Ari fór beint í framhaldsnám eftir grunnskóla, hann fór á heimavist og tók þar tvær annir. Hann byrjaði annað árið en náði ekki að klára. Ari vann allt sumarið áður en skólinn byrjaði og náði þess vegna að halda sér uppi fyrra árið, en í lok sumarsins fyrir annað árið tók mamma hans allan peninginn af honum og átti hann einungis nokkra þúsundkalla inn á reikningnum sínum þegar hann fór aftur á heimavistina. Með engan bakhjarl, engan til að leitast eftir hjálp hjá og engan pening gat hann ekki verið þarna lengur. Ari gerði sitt besta, var duglegur að læra og stóð sig vel en hann gat þetta ekki án stuðnings svo hann hætti og fór á sjó og hefur ekki farið í nám aftur. Hann á þó svolítið af einingum og útilokar það ekki að fara aftur í nám seinna meir.

Þegar Ari hugsar til baka og talar um hvað hann hefði viljað vita á þessum árum og hvað hann hefði viljað að mamma sín hefði kennt sér talar hann um réttin sem hann hafði en vissi ekki af. Rétt á dreifbýlisstyrk eða meðlagi sem var greitt með honum sem hann sá aldrei krónu af þótt hann væri fluttur að heiman. Hann vissi ekki af þessu fyrr en mörgum árum seinna. Í dag situr í honum eftirsjá því ef hann hefði vitað betur hefði hann kannski geta haldið áfram í námi.

Ari upplifir einnig missi af því að hafa alist upp hjá einstæðri mömmu og með engan pabba í myndinni. Hann talar um að aðrir í kringum sig, vinir og kunningjar hafi notið góðs af því að hafa stærri fjölskyldu vegna þess að bæði höfðu þeir sterkara bakland og fleiri tækifæri til vinnu og annað sem fjölskyldan hjálpaði til með. Hann hafði bara mömmu sína og yngri systkini.

Andrea er að mennta sig í dag, hún hætti í skóla eftir grunnskólann og hóf ekki nám á ný fyrr en mörgum árum seinna. Hún á dóttur á unglingsaldri sem hún vill vera fyrirmynd fyrir. Henni þótti námsefni grunnskólans ekki áhugavert, né skólinn í heild sinni. Það var ekki fyrr en hún fór í nám á eldri árum sem hún sá að hún var að gera þetta fyrir sjálfa sig og þá um leið varð námsefnið áhugavert. Breyting á áhuganum kom líka þegar hún sá hversu mikilvægur skóli er. Það tók hana mörg ár.

Andrea hefði líklegast haldið áfram í námi ef aðstæður hefðu verið betri. Hún eignaðist barn mjög ung, áður en hún kláraði grunnskólanámið og allt hennar fór í að ala barnið upp. Hún flutti líka ung að heiman með barnið sitt því hún flúði heimilisaðstæður.

„Ég vildi bara að við færum út sem fyrst þannig að ég hafði ekkert efni á því. Ef ég hefði geta búið lengur heima þá hefði ég haldið áfram í skóla.“

Foreldrar hennar gátu ekki hjálpað henni fjárhagslega svo Andrea varð ung að standa á eigin fótum með litla barnið sitt. Samband hennar við barnsfaðirinn var ekki langlíft svo engan stuðning var heldur frá honum að fá.

Í dag er Andrea í sambandi með manni sem ólst upp við allt aðrar aðstæður en hún, hann var studdur í gegnum nám og hefur allt aðra sýn á skóla og grunnskólagöngu dóttur Andreu. Við upphaf skólagöngu dótturinnar var Andrea ekki mikið að skipta sér af og segir hún að það sé vegna þess að hún vissi ekki betur, hún vissi ekki að það gæti haft slæm áhrif. Maðurinn sem hún býr með í dag hjálpaði henni að sjá hvað betur mætti fara, hann sýndi námi dóttur hennar áhuga, hann hvatti hana áfram og hjálpaði þegar hún þurfti hjálp. Andrea sá þá að áhugaleysi foreldra hennar færðist yfir á næstu kynslóð, yfir á hana.

„Þú veist áhugaleysið, ég vissi ekki að það væri mikilvægt fyrir hana að ég myndi mæta á sýningar og fylgjast með heimalærdómnum. Ég veit ekki af hverju ég er að missa af ef ég þekki það ekki sjálf.“

Hún ákvað þá að nú þyrfti hún að bæta sig og gera betur þegar kemur að námi dóttur hennar. Í dag talar hún jákvætt um skólann og sýnir honum áhuga, hún tekur þátt í viðburðum á vegum skólans og gerir sitt besta til að hvetja hana áfram. Dóttir hennar er að klára 10. bekk í ár og ætlar í framhaldsnám í haust. Andrea segir að hún og systkini hennar hafi þurft að fara í gegnum lífið mjög sjálfstætt, án stuðnings foreldra þeirra og þess vegna sé hún enn þann dag í dag að læra hvernig á að vera foreldri því hún hafði ekki góðar fyrirmyndir. Hún er viss um að ef aðstæður hefðu verið aðrar og betri hefði hún og einhver af systkinum hennar menntað sig. Þau höfðu getuna en skorti aðstoð og hvatningu. Hún vonast til þess að hún sé að gera rétt gagnvart sínu barni og segist enn vera að læra og sé að gera sitt besta.

Emma segir að ástæða þess að hún hafi ekki farið í skóla, þó svo að hana hafi langað það, var sú að í 10. bekk varð hún ófrísk. Hún gat ekki treyst á foreldra sína til að aðstoða sig

við nám og til að hjálpa henni við uppeldi dóttur sinnar svo frekari menntun var ekki í myndinni. Vinir hennar fóru í framhaldsnám og hún segist ekki geta neitað því að hana langaði að fylgja þeim. Ef hún hefði haft stuðning frá foreldrum sínum þá hefði hún haldið áfram, en hún varð ófrísk á ný og hún segist þá hafa kvatt drauma um menntun.

3.7 Kvíði

Jana segir að hún hafi verið kvíðin sem barn og sé það enn í dag. Hún var óörugg sem barn og vissi ekki alveg hvað tæki við næst því þau systkinin vissu aldrei hvenær mamma hennar myndi missa vinnuna eða hvenær þau þyrftu að skipta um skóla. Hún var stöðugt hrædd og alltaf tilbúin til að bregðast við hverju sem var. Kvíðinn og hræðslan höfðu slæm áhrif á hana og drógu úr því að hún reyndi að gera betur þegar á móti blés. Þetta fylgdi henni fram á fullorðinsárin og hefur haft áhrif á menntun hennar, hún dregur úr getu sinni og skýlir sér á bakvið vandamálín úr æsku þegar hún hefur reynt að mennta sig. Hún er þó í námi núna en þarf að hafa mikið fyrir því að hafa stjórn á kvíðanum. Vandamál hennar með áfengi hafa mikið áhrif og hún er líka að vinna í því ásamt öllu öðru, allt þetta er áfallastreituvaldandi og mikið batterí að reyna vinna úr segir hún. Jana er að bíða eftir því að komast í áfallameðferð vegna alls þess sem hún hefur gengið í gegnum í æsku og vandamálum sínum í dag. Hennar upplifun er sú að hún eigi ekki að væntast einhvers betra.

Hildur upplifði ekki kvíða á meðan hún var að alast upp en hinir viðmælendurnir tala allir um að aðstæður þeirra hafi haft kvíðavaldandi áhrif, að það hafi ekki verið auðvelt að alast upp á heimili þar sem þau voru í stöðugri óvissu. Drykkjan á heimilinu hafði slæm áhrif og tala þau öll um óvissuna sem fylgdi þessum heimilisaðstæðum. Þau þrjú, ásamt Jönu eru enn þann dag í dag að vinna úr afleiðingunum.

Ari, Hildur og Andrea hafa öll verið að vinna síðustu ár. Ari fór að vinna eftir fyrsta árið í menntaskóla og hefur unnið alla daga síðan. Hildur fór að vinna ung og vann í nokkur ár áður en hún fór aftur í nám, hún vinnur með náminu. Andrea er einnig að vinna og hefur gert það síðustu ár. Hún fór ekki að vinna strax eftir að hún eignaðist dóttur sína en var á félaglegum bótum eins og mamma hennar hvatti hana til. Eftir nokkur ár á þeim fór hún að vinna og dóttir hennar fór í leikskóla. Hún fór síðan að vinna í grunnskóla og vakti það námsáhuga hennar. Hún skráði sig í nám tengdu því sem hún var að vinna við. Jana og Emma, sem báðar leiddust út í óreglu og hafa báðar farið í meðferð við hafa ekki verið að

vinna neitt af viti öll sín fullorðinsár. Jana vann í fyrirtæki fyrrverandi mannsins síns um stund, en eftir skilnaðinn hefur hún ekkert unnið. Tími Emmu og Jönu fer í endurhæfinguna sem þær eru í og er það vinnan þeirra eins og staðan er í dag.

Allir viðmælendurnir tala um tækifærin sem þau skorti í æsku. Þau vita það og sjá í dag að hefðu þau haft sterkara bakland, meiri hvatningu og betri fyrirmyndir þegar kemur að menntun væri staða þeirra allt önnur í dag. Emmu, Ara og Jönu finnst skólakerfið hafa brugðist þeim, þau fengu ekki þá hjálp sem þau þurftu til að ná meiri árangri í námi. Skólinn hefði átt að sjá að aðstæður heima fyrir voru ekki þær bestu né hvetjandi að einhverju leiti fyrir þau en skólinn steig samt ekki inn í málin. Skólinn hefði átt að koma meira til móts finnst þeim og finna leið sem hentaði þeim betur. Öll eru viðmælendurnir sammála um að þó svo að uppeldi þeirra og heimilisaðstæður hafi ekki verið ákjósanlegar fyrir nám þá hafi þær þó kennt þeim eitthvað. Þau eiga öll börn nema Ari. Uppeldið kenndi hinum hvað hlutverk foreldra er sterkt þegar kemur að því að ala upp börn og hvetja þau til náms. Emma hefur ekki haft tækifæri til þess að hjálpa sínum börnum í skóla vegna aðstæðna hennar en hún sér þó áhrifaþátt foreldra sinna.

3.8 Samantekt niðurstaða

Niðurstöður rannsóknarinnar eftir viðtöl og úrvinnslu þeirra hafa leitt af sér eftirfarandi meginþemu sem algengust var að væru sameiginleg með viðmælendum. Þessi meginþemu eru:

- Heimilisaðstæður – Þar sem fram kom að fjórir af fimm viðmælendum ólust upp við slæmar heimilisaðstæður þar sem um var að ræða vanrækslu í garð þeirra.
- Tómsundur og félagsstarf – Ekki var stutt við þær tómsundur sem viðmælendurnir vildu eða reyndu að stunda. Þau höfðu sum hver ekki tækifæri til þess að æfa íþróttir vegna peningaskorts á heimilinu á meðan þau sem stunduðu íþróttir sáu foreldra sína sjaldnast á hliðarlínunni að hvetja þau áfram.
- Áhugaleysi á skólastarfi – Foreldrar viðmælendanna sýndu skólastarfi þeirra lítinn áhuga, þeir spurðu ekki út í námið, buðu ekki fram hjálp sína né hvöttu þeir þau til að bæta sig eða standa sig í náminu. Foreldrarnir mættu ekki á viðburði skólans vegna áhugaleysis eða vinnu sinnar.

- Menntunarstig og viðhorf til gildi menntunar – Mömmur viðmælendanna eru ómenntaðar og hefur það áhrif á væntingar þeirra til menntunar barna sinna sem eru litlar. Pabbarnir eru iðnmenntaðir en það virtist ekki hafa áhrif á viðhorf þeirra til menntunar barnanna.
- Kvíði – Heimilisaðstæður sem þau bjuggu við og uppeldið sem þau fengu hefur áhrif á þau öll á ólíka vegu, en virðist hafa valdið því að einhver af þeim er með kvíða í dag og sem börn. Kvíðinn hefur áhrif á ákvarðanir þeirra og stöðu þeirra í dag.

Viðmælendur rannsóknarinnar eiga það sameiginlegt að hafa alist upp á heimilum þar sem menntun var ekki í hávegum höfð, foreldrar þeirra höfðu það ekki að markmiði að börn sín myndu feta menntavegin og var skólinn sjaldnast í umræðunni. Svo virðist sem mikilvægi menntunar væri ekki augljós í augum foreldranna sem eiga það sameiginlegt að vera ekkert menntuð eða með stutta menntun að baki. Það að mikilvægi menntunar væri ekki í umræðunni hafði það í för með sér að viðmælendurnir, allir nema Ari fóru ekki í framhaldsnám og sáu ekki ástæðu til þess fyrr en seinna meir þegar þau voru langt komin á fullorðinsár.

4 Umræður og ályktanir

Í þessum kafla verður leitast við að greina nánar helstu niðurstöður rannsóknarinnar, þær tengdar við fyrirliggjandi fræði og rannsóknir og rannsóknarspurningum svarað. Nánar verður rætt um þau þemu sem greining viðtala leiddi ljós. Áhrif foreldra á framgang námsferils barna hafa verið margfalt rannsökuð, rannsóknirnar sýna að þáttur foreldra er mjög mikill og sterkur. Hins vegar má ekki gleyma þætti samfélagsins og yfirvalda við að tryggja foreldrum þau tól sem þarf til að þau geti stutt við börn sín. Einnig er hlutverk skóla mjög mikilvægt því börnin eru þar stóran hluta æsku sinnar og mikilvægt að þeim líði vel þar. Einnig verður umræða um hvað vel er gert og hvað betur megi fara, bæði hjá foreldrum og skóla. Tillögur um hvernig bæta má einstaka þætti verða settar fram ásamt helstu ályktunum sem draga má að rannsókninni.

4.1 Greining á uppeldisaðferðum byggt á viðtölum

Uppeldisaðferðir hafa verið mikið rannsakaðar og hefur áður verið fjallað um rannsókn sem Diana Baumrind gerði á efninu, en hún flokkar aðferðirnar í leiðandi, skipandi, eftirláta og afskiptalaus foreldra. Ef þessar uppeldisaðferðir eru miðaðar við foreldra þátttakendanna má sjá þá í að minnsta kostir þremur þeirra. Foreldrar Hildar eru eftirlátir miðað við frásögn hennar. Eftirlátir foreldrar gera litlar sem engar kröfur til barna sinna og hafa þau mikið frjálrsræði, þessir foreldrar skipta sér lítið af börnum sínum en sýna þeim hlýju. Foreldrar hennar sýndu námi hennar ekki mikla athygli heldur settu þeir alla ábyrgð á hana hvað heimanám og prófundirbúning varðar. Ef foreldrar hennar hefðu fylgst með, spurt og hjálpað til hefði meiri agi verið hvað skólann varðar verið til staðar og Hildur ef til vill sinnt heimanáminu betur. Hildur hefði þá án efa lært betur undir próf, gefið sér meiri tíma og tamið sér aðferðir til þess að læra með meiri árangri.

Foreldrar Emmu eru skipandi og afskiptalausir. Pabbi hennar er skipandi foreldri sem gerir miklar kröfur og stjórnar með boðum og bönum, þessir foreldrar eru hvorki styðjandi né hvetjandi gagnvart börnum sínum. Þessir foreldrar gera kröfur sem er jákvætt en það sem er neikvætt er að þeir taka ekki tillit til sjónarmiða barnanna og samskiptin eru einhliða. Pabbi hennar Emmu beitti hana andlegu ofbeldi með hegðun sinni gagnvart henni, andlegt ofbeldi í misjöfnum formum og vanræksla er algengt í uppeldi barna eins og sjá má á

niðurstöðum Jónínu og Geirs (2015), eða í um 69% tilfella. Hann tók ekki tillit til námsörðuleika hennar né þeirri stöðu sem hún var í. Hann var sjaldan til staðar og studdi hana ekki í því sem hún var að eiga við hverju sinni, hvort sem það var skólinn eða það hversu ung hún var þegar hún eignaðist börn. Mamma hennar er afskiptalaus sem felst í því að hún veitti henni ekki leiðsögn, stuðning né gerði kröfur til hennar. Við svona uppeldi eru samskipti foreldra við börnin lítil og þau eru vanrækt eins og kemur heim og saman við niðurstöður Jónínu og Geirs (2015).

Mamma Andreu er einnig afskiptalaus líkt og mamma Emmu. Hún drakk mikið og átti það til að vera drukkin í nokkra daga í senn. Það var í þeirra höndum að sjá um sig, að elda mat, læra heima og mæta í skólann ef pabbi þeirra var í burtu sem hann var mikið. Andrea og systkini hennar þurftu að umgangast hana þennan tíma og horfa upp á mömmu sínu í annarlegu ástandi. Aðstæður sem þessar sýna fram á mikla vanrækslu og þá á sviðum eins og umsjón og eftirlit eða tilfinningaleg vanræksla sem dæmi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2002).

Mömmur Ara og Jönu er einnig hægt að flokka sem afskiptalausar. Þær leiðsögðu þeim ekki, veittu ekki stuðning né gerðu þær kröfur til þeirra. Mamma Ara átti við einhverskonar geðræn vandamál að stríða og var það líklegast ástæða fyrir vanrækslu hennar og stemmir það við það að oft átta foreldrar sig ekki á því að þeir geta verið að vanrækja börnin sín því þeir eru uppteknir af eigin vandamálum (Cherry, Kendra, 2019). Ari segir frá ýmsu í fari mömmu hans sem bendir til vanrækslu af hennar hálfu. Það er merki um vanrækslu og að mamma hans hafi ekki séð vandamálin hans fyrir sínum (Cherry, Kendra, 2019) hún setti þarfr sínar fram fyrir þarfr Ara, sama þótt það kostaði hann menntun. Skilgreiningar- og flokkunarkerfi sem Barnaverndarstofa (2002) notar til að greina hvort um vanrækslu sé að ræða sýnir einnig fram á Ari varð fyrir vanrækslu þegar hann ólst upp. Einn af flokkunum er vanræksla varðandi umsjón og eftirlit og annar er vanræksla varðandi nám. Ari fékk að stjórna miklu sjálfur, hann réði sínum svefntíma og útivistartíma, mætti ekki í skólann ef hann honum langaði ekki til þess ásamt því að hann byrjaði ungur að drekka. Allt þetta á meðan hann bjó hjá mömmu sinni. Mamma hans sinnti engu sem tengdist skólagöngu hans né sá hún til þess að hann sinnti því. Hún lét það alveg afskiptalaust. Svo virðist sem svo að hún hafi ekki gert mikið þegar kom að uppeldi barna hennar. Ari talaði

ekki mikið um það, nema bara að ekki hafi verið hægt að treysta á hana í neinu, engu tengdu námi hans, með peninga eða til að kenna honum á lífið og allt því sem því fylgir.

Mamma Andreu átti það til að vinna heimavinnuna hennar fyrir hana í stað þess að hjálpa henni. Hægt er að spyrja sig að því hvort að það hafi verið vegna þess að það var fljótlegra. Hún hafi jafnvel vitað að þannig tæki það styttri tíma og hún þyrfti þá ekki að eyða tíma í að setjast niður með henni og hjálpa henni. Eftirlátir foreldrar gera ekki miklar kröfur til barna sinna (Baumrind, 1971). Flokkunarkerfi Baumrind (1971) segir líka að afskiptalausir foreldrar veiti börnum sínum hvorki leiðsögn né geri kröfur til þeirra og á þetta við um mömmu hennar. Menntun barna hennar virtist fara í taugarnar á henni og hún mátti sjaldnast vera að því að aðstoða hana eða systkini hennar, þvert á móti því hún dró frekar úr því að Andrea og systkini hennar myndu læra. Barnaverndarstofa nýtir flokkunarkerfi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2002) til að greina m.a. vanrækslu og er einn flokkurinn vanræksla varðandi nám. Mamma Andreu lagði ekkert á sig til þess að hjálpa henni eða systkinum hennar við heimanám, hún hvatti þau ekki til að læra né til að stunda skólann af kappi, þvert á móti. Í stað þess að gera það talaði hún illa um skólann, sýndi viðburðum á vegum hans engan áhuga, hún fylgdist ekki með framvindu náms barna sinna né öðru honum tengdum. Skólaganga Andreu og systkina hennar virtust taka tíma frá mömmu þeirra sem hún vildi eyða í annað eins og verslunarmiðstöðvar. Sjá má á þessu að um vanrækslu var að ræða sem hafði ýmsar birtingamyndir. Mamma hennar hafði engan metnað til þess að kenna börnum sínum eða hvetja þau til þess að standa sig vel, heldur eyddi hún frekar tímanum í að kenna þeim á kerfið eins og Andrea segir. Hún hjálpaði þeim að sækja um félagslegar bætur og hvatti þau til þess að læra hvernig best væri að fá sem mestar bætur, eins og aukalegar húsaleigubætur og annað. Mamma Andreu var neikvæðri gagnvart skólanum en pabbi hennar og hafði það áhrif á áhuga hennar á náminu. Pabbi hennar var lítið heima en mamma hennar heimavinnandi. Andrea talaði um að ef pabbi hennar hefði verið meira til staðar þá hefði hún reynt að standa sig betur hvað skólann varðar. Mamma hennar vakti ekki þá löngun hjá henni því hennar viðmót gagnvart skólanum var neikvætt. Það að pabbi hennar hafi verið jákvæðari gagnvart skólanum gerði það að verkum að hún vildi ekki bregðast honum. Það sýnir hversu sterk áhrif foreldrar hafa. Á uppvaxtarárum barna, þegar þau eru að hefja námsferil sinn er mikilvægt að styðja þau og hvetja áfram. Þátttaka foreldra

getur haft smitandi áhrif (Pomerantz, Moorman og Litwak, 2007) og þar sem pabbi Andreu er með iðnmenntun en mamma hennar enga menntun hefur það mögulega haft áhrif.

4.2 Áhrifaþættir sem einkenna foreldra þátttakenda

Mamma Jönu gekk einungis í grunnskóla í þrjú ár og er það allt og sumt hvað skólagöngu hennar varðar. Menntunarstig foreldra hefur mikið forspárgildi um námsferil barna (Jóhanna Einarsdóttir og Sigurborg Sturludóttir, 2008) og sýnir það sig í málum Jönu og mömmu hennar hvað hvatningu til náms varðar. Jana segir frá því að bræður mömmu hennar fengu lengri skólagöngu en hún og var það vegna þess að þeir voru strákar. Eftir að Jana og systkini hennar fæddust vann mamma þeirra mikið og var lítið til staðar fyrir þau af þeim sökum. Hún gat lítið sem ekkert hjálpað þeim með heimanám eða annað sem tengdist skólanum. Bróðir Jönu var erfiður og tók alla athygli mömmu þeirra, þá litlu sem í boði var. Hún hjálpaði honum eins og hún gat með heimanám á meðan Jana þurfti að standa á eigin fótum hvað það varðar. Það má leggja líkur að því að vegna þess að móðurbræður Jönu fengu frekar menntun vegna kyns hafi mamma hennar frekar stutt bróðir Jönu vegna þess að hann er strákur. Jana þurfti mikið að standa á eigin fótum sem barn, hún þurfti að sinna námi sínu sjálf og gerði sitt besta til að standa sig. Uppeldið sem Jana fékk var ekki ákjósanlegt og hún fékk ekki þá athygli sem barn þarf í æsku og flokkast þessar aðstæður sem vanræksla samkvæmt flokkunarkerfi sem barnaverndarnefnd notar til skilgreiningar (2002).

Emma ólst upp við drykkju mömmu sinnar og þurfti hún að búa við afleiðingar þess hvað skóla, umönnun og hlýju móður varðar. Niðurstöður Baumrind (1971) sanna sig í tilfelli Emmu eins og Andreu í upphafi, en hún misnotaði áfengi og fíkniefni í návist barna sinna með fyrrgreindum afleiðingum. Emma setti þarfir sínar fram fyrir þarfir ungra barna sinna, hún fær þess vegna ekki tækifæri til þess að ala þær upp og þar að leiðandi fær hún ekki tækifæri til þess að hjálpa þeim, styðja þær eða hvetja þær til náms eða tómsunda.

Pabbi Emmu beitti hana andlegu ofbeldi, var ekki traust bakland fyrir hana og talaði illa um allt sem tengdist skólunum sem hún gekk í. Skólinn var alltaf vandamálið, kennararnir ekki hæfir og skólastjórnendur kallaði hann illum nöfnum. Hann hefur ekki séð sín eigin vandamál né áttað sig á alvarleikanum eins og á oft um foreldra sem vanrækja börn sín. Mögulega átti hann sjálfur við vandamál að stríða sem kom í veg fyrir það að hann gæti sinnt þörfum barna sinna (Cherry, Kendra, 2019). Hérna sjáum við greinileg merki um andlegt

ofbeldi, hann hækkaði róminn og kallaði Emmu aumingja ef hún náði ekki því sem hann var að kenna henni. Hún leitaði samt eingöngu til pabba síns eftir hjálp við heimnám frekar en mómmu sinnar. Það má spyrja sig um ástæður þess. Mögulega er það vegna þess að mamma hennar var fjarlægri vegna áfengisvanda hennar og hefur af þeim sökum ekki gefið af sér að hún væri tilbúin til þess að hjálpa til við heimanámið. Uppeldisaðferðir sem foreldrar hennar notuðust við höfðu djúp áhrif á Emmu og stemmir það við ályktun Jónínu og Geirs (2015) í rannsókn þeirra en þar segir að upveldisaðferðir geti haft skaðlega áhrif á andlega heilsu í æsku og fram á fullorðinsár.

Mamma Emmu var heldur ekki sterkt bakland, hún drakk mikið og oft hvarf hún í nokkra daga án þess að börnin hennar vissu um hana. Þar sem pabbi þeirra vann mikið og var í þannig vinnu að hann var oft lengi í burtu þá var það undir systkinunum komið að sjá um sig sjálf, þá var það ekki skólinn sem var í forgangi. Emma man aldrei eftir barnaverndarnefnd þegar hún var að alast upp sem er ótrúlegt miðað við sögu hennar. En það þarf ekki að þýða að hún hafi ekki verið að fylgast með, kannski var það falið af foreldrum hennar. En að hún og systkini hennar hafi fengið að búa á þessu heimili við þessar aðstæður er ótrúlegt því samkvæmt flokkunarkerfi barnaverndarstofu (2002) flokkast aðstæður hennar undir vanrækslu á nokkrum sviðum. Foreldrar hennar brugðust henni algjörlega, þeir kenndu henni ekki á mikilvæga þætti lífsins, hvöttu hana ekki til náms og voru lítið til staðar fyrir hana og börnin hennar. Almenn menntun er mikilvæg og foreldrar þurfa að veita börnum sínum tækifæri til þess að læra, þeir þurfa líka að styrkja þau til að temja sér námshæfni (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Hildur stóð sig ágætlega í skóla en var hvorki áhugasöm né áhugalaus, henni leiddist ekki skólinn en stundaði hann ekki af kappi. Foreldrar hennar hvöttu hana ekki áfram né hjálpuðu henni að læra þó svo að það sé eitt af hlutverkum foreldra (Reykjavík.is, e.d.). Pabbi hennar var fljótur að kenna skólanum um ef það var eitthvað og var frekar neikvæður þegar honum mislíkaði eitthvað. Hann var sjaldnast jákvæður, það var annaðhvort ekkert eða neikvætt. Ef foreldrar Hildar hefðu verið betri fyrirmyndir hvað nám varðar og hvatt hana áfram þá hefði hún haldið áfram í námi. Hún segir að skortur á hvatningu og umræðu um framhaldsnám hafi verið ástæða þess að hún hafi ekki klárað stúdentspróf. Hún sá ekki mikilvægi menntunar vegna þess að enginn í fjölskyldunni var menntaður af einhverju viti, nema pabbi hennar sem er með iðnmenntun. Hann hvatti hana samt sem áður ekki áfram til

náms. Það ætlaðist enginn til þess að hún myndi mennta sig og þess vegna gerði hún það ekki strax, ekki fyrr en hún áttað sig sjálf á mikilvægi menntunar eftir að hún eignaðist barn. Ef mamma hennar hefði verið menntuð hefði það án efa verið meiri hvatning og umræðan um nám önnur á heimilinu (Jóhanna Einarsdóttir og Sigurborg Skúladóttir, 2008). Hún hefði haft betri fyrirmyndir hvað nám varðar og hefði verið meiri líkur á því að hún hefði haldið áfram í skóla í stað þess að hætta áður en hún hafði klárað og fengið stúdentspróf. Hún segist vilja það þegar hún hugsar til baka, hún vildi að hún hefði klárað að mennta sig áður en hún eignaðist barn svo hún gæti einbeitt sér meira að því að ala upp barnið sitt og ekki látið námið trufla hana. Það má gefa sér að þegar Hildur talar um að námið komi í veg fyrir það að hún geti notið tímans með barni sínu til fulls að þá hafi það einnig áhrif á námið. Ef hún hefði menntað sig áður en hún eignaðist barn þá hefði hún notið þess betur, geta einbeitt sér betur að náminu og stundað það af fullri athygli. Hún gerir þó sitt besta til að láta hlutina ganga upp í þeim aðstæðum sem hún er í. Eftirsjáin felist þó mest í því að blanda menntun og barnauppleði saman í stað þess að gera það í sitthvoru lagi.

Foreldrar hafa mikil áhrif á börn sín og eru þeirra fyrirmynd á uppvaxtarárunum. Þeir hafa sterkt forspárgildi hvað menntun varðar, meiri en félagsleg staða barnanna (Reykjavík.is, e.d.). Annað forspárgildi um góðan námsárangur eru að barn búi við góðar aðstæður til náms (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2010). Menntunarstig foreldra (Jóhanna Einarsdóttir og Sigurborg Sturludóttir, 2008) er enn eitt forspárgildið og það sýnir sig á þessari rannsókn að vöntun á þessum forspárgildum er ríkjandi hjá foreldrum viðmælendanna. Vöntun á samskiptum foreldra þeirra og skóla er einnig áberandi og helst það í hendur við niðurstöður rannsóknar Jóhönnu Einarsdóttur og Sigurborgar Sturludóttur (2008), en þar segir að foreldrar með litla menntun kvíða skólagöngu barna sinna meira en foreldrar með háskólamenntun. Í niðurstöðum þeirra er sagt að samskipti foreldra og skóla fari að mestu fram í skipulögðum foreldraviðtölum, fræðslufundum og kynningum, en óruggir foreldrar, þeir sem eru með litla menntun er erfiðast að ná til. Það á við um foreldra viðmælenda þessarar rannsóknar, þeir áttu í litlum samskiptum við skólann og kemur það heim og saman við litla menntun þeirra.

Athyglisvert er að sjá að af átta foreldrum þátttakenda eru einungis þrír með meiri menntun en grunnskólapróf. Þessir þrír eru allir karlmenn, þabbar þátttakendanna. Mömmur þátttakendanna hjálpuðu lítið sem ekkert við heimanám þeirra, þær hvöttu ekki né studdu

við nám þeirra. Þabbarnir, einu foreldrarnir með einhverskonar menntun voru einu sem hjálpuðu til við heimanám eða annað tengt skólanum. Þarna má sjá tengingu á milli menntunar og þess að styðja við menntun (Jóhanna Einarsdóttir og Sigurborg Sturludóttir), þó svo að stuðningurinn af þeirra hendi hafi verið af skörnum skammti þá var hann meiri en frá mömmunum með enga menntun.

4.3 Langtímaáhrif uppeldis á líf og námsferil þátttakenda

Þáttur bakgrunns barna er 80% af námsárangri þeirra samkvæmt rannsókn Marzanos (2000). Það sýnir hve gríðarlega mikilvægt það er fyrir foreldra að taka þátt og hjálpa börnum sínum. Hefðu foreldrar Hildar sýnt námi hennar meiri áhuga og hjálpað henni þá hefði það mögulega kveikt áhuga á áframhaldandi námi. Í stað þess að ræða ekki framhaldsnám né gera kröfur til hennar að mennta sig. Staða Hildur væri þá önnur í dag og hún hefði geta aðskilið menntun og barnauppeldi eins og hún vildi þegar hún horfir til baka.

Emma átti erfitt uppdráttar strax í byrjun skólagöngunnar og komu foreldrar hennar henni litið til hjálpar, þeir hefðu ef til vill geta hjálpað henni meira þar sem hún þurfti á því að halda vegna þeirra námsörðuleika sem hún hafði. Námsörðuleikarnir voru aldrei greindir, en hefðu foreldrar hennar ýtt á að þær greiningar yrðu gerðar væri sagan ef til vill önnur. Vanrækslan (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2002) birtist í þeirri mynd að hún hélt sig ekki við efnið í grunnskóla, henni leiddist námið því hún átti erfitt með að fylgja því sem var að gerast og hún vildi frekar vera með vinum sínum en að vera í skóla og sinna því sem honum fylgir. Þar sem foreldrar henni fylgdust ekki náíð með námi hennar og framvindu þess þá fékk hún sínu framgengt og flaut í gegnum grunnskólann án þess að leggja mikið á sig. Leiki grunur á lesblindu eða öðrum námsörðuleikum er það á vegum skólans að sjá um viðeigandi greiningar, en hlutverk foreldra er að biðja um að það verði gert eða því verði hrint af stað eftir samræður foreldra og skóla. Ef foreldrar Emmu hefðu verið ákveðnari og ef viljinn til að fá greiningar fyrir hana hefði verið til staðar þá hefði hún væntanlega fengið greiningu og um leið meiri hjálp í skólanum. Hún missti allan áhuga á skóla því alla hvatningu að heiman skorti, námsefnið var of þungt fyrir hana og hún átti erfitt með að fylgja því sem var um að vera í kennslustofunni. Hennar námsörðuleikar sem aldrei voru greindir hljóta að hafa mikið að segja þarna. Það er erfitt að vera alltaf að klóra í bakkann og fá enga hjálp.

Andrea gekk í sex grunnskóla sem hafði slæm áhrif á hana, hún hætti að reyna aðlagast nýjum skóla. Fjölskyldan hennar flutti oft (Hervör Alma Árnadóttir, munnleg heimild, 16. mars. 2020) og má leiða líkum að því að foreldrar hennar hafi verið að forðast aðstæður sem þau voru komin í á borð við vanrækslu á börnum sínum. Ef fjölskylda flyst oft og reglulega á milli bæjarfélaga og barnið skiptir oft um skóla er hætta á því að á nýja staðnum er byrjað upp á nýtt að safna upplýsingum þegar grunur um vanrækslu kviknar og þess vegna nær barnavernd ekki að setja sig inn í málin því fjölskyldan flytur áður en það tekst.

Andrea hélt áfram á sama veg og foreldrar sínir þegar hún ól upp sitt barn þegar kemur að skólagöngu og passar það við niðurstöður Baumrind (1971), og það var ekki fyrr en hún kynntist sambýlismanni sínum að hún sá hvernig foreldrar ættu að styðja við börn sín. Hún lærði nýjar aðferðir og sá mikilvægi þess að hvetja og vera til staðar. Dóttir hennar er að klára grunnskóla í vor og ætlar í framhaldsnám í haust og þakkar Andrea því að hún hafi séð mistök sín í tæka tíð. Mamma Andreu er ekki með neina menntun fram yfir grunnskóla og minnstu munaði að Andrea myndi feta í fótspor mömmu sinnar hvað menntun varðar eins og niðurstöður Jóhönnu og Sigurborgar (2008) sýna fram á líkur séu á. Það var ekki fyrr en dóttir hennar var orðin eldri að hún sá að það yrði best fyrir þær mæðgur að Andrea myndi mennta sig meira sem hún er að gera núna. Áhrif áhugaleysis foreldra getur birst á ýmiss konar hátt og börn sem alast upp við þær aðstæður geta þurft að læra að sjá fyrir sér sjálf, þau kunna að hræðast að verða háð öðru fólki eða orðið tilfinningalega bæld. Á Andreu má heyra að hún beri litlar tilfinningar og sé jafnvel tilfinningalega bæld og það hafi þess vegna ekki áhrif á hana þegar hún sér ekki foreldra sína í salnum á viðburðum á vegum skólans, á meðan önnur börn gráta það að hafa ekki foreldra sína á staðnum.

Mamma Ara sinnti honum takmarkað og varð hann ungur sjálfstæður. Hún veitti honum ekki leiðsögn eins og sjá má á því sem hún kenndi honum ekki hvað bjargir varða. Bjargir á borð við ýmsa styrki sem hann átti rétt á og hefðu komið sér vel þegar hann var á heimavistinni. Ef hann hefði vitað af þeim styrkjum og öðrum björgum eru líkur á því að hann hefði geta haldið áfram í námi og mögulega náð sér í menntun eins og hann var að reyna gera. Það er í höndum foreldra að hjálpa börnum sínum að mennta sig þar sem menntun er mikilvæg í flóknu samfélagi. Með því að ganga í skóla læra nemendur til hvers er ætlast af

þeim í samfélaginu, þeir læra hvernig afla á sér nýrra upplýsinga og öðlast hæfni sem þarf til þess að passa inn í samfélagið (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Tilgangur með þessari rannsókn var meðal annars að sjá hvort tengsl væru á milli þess að foreldrar sem vanræktu nám barna sinna vanræktu þau einnig tilfinningalega, en það eru bæði flokkar sem barnavernd flokkar undir vanrækslu.

Þegar foreldrar sinna ekki þörfum barna sinna og vöntun er í viðbrögðum og aðgerðum til að uppfylla þær geta afleiðingar orðið alvarlegar. Áhrifin geta verið frá því að börn þurfa að læra sjá um sig sjálf, þau verða tilfinningalega bæld eða líkurnar á því að barna misnoti fíkniefni eða áfengi aukast. Þessi áhrif má sjá á lífi Jönu og Emmu. Þær hafa báðar misnotað áfengi og Emma fíkniefni líka. Báðar hafa þær sótt meðferð við fíkn sinni og eru ennþá að vinna í sínum vandamálum og afleiðingum sem vanræksla í æsku hafði á þær.

Baumrind (1971) fékk þær niðurstöður að sterk tengsl eru á milli uppeldisaðferða og þeirra samskiptahátta sem börn tileinka sér síðar í lífinu. Rannsókn þessi sýnir annað í tilfalli Jönu og Hildar. Þær eru leiðandi í uppeldi barna sinna í dag, ekki er vitað hvernig uppalandi Jana var á meðan börn hennar voru ung, en þá átti hún við áfengisvandamál að stríða og sótti hún sér hjálpar við honum og er enn þann dag að vinna í þeim málum. Hún styður börn sín í menntun þeirra í dag og er til staðar fyrir þau eins og hún getur. Hildur styður barn sitt heils hugar, er til staðar og hvetur hana áfram í námi þó ung sé. Uppeldið sem Hildur fékk hvetur hana til þess að gera betur, sama á við um Ara. Hann segist hafa hugsað sig um hvort hann vilji lifa eins og mamma hans gerði og kenndi honum eða vill hann fara aðra leið, öfugt við það sem mamma hans gerði. Hann valdi seinni valmöguleikann og byrjaði að mennta sig en því lauk af fyrrgreindum ástæðum. Ari útilokar ekki frekara nám, viljinn er til staðar en honum finnst hann orðinn það gamall að það flæki málin. Ef vöntun er á viðbrögðum og aðgerðum foreldra við uppeldi barna sinna þá geta afleiðingar orðið þær að börnin finna fyrir ótta og kvíða. Stuðningsleysi frá foreldrum hefur áhrif og virðist enn fylgja Ara (Cherry, Kendra 2019). Ari er barnlaus en það má gefa sér að hann hugsi það sama ef það kemur einhvern tímann að því að hann eignist og ali upp barn.

Ari og Jana reyndu eftir bestu getu að standa á eigin fótum og vera sjálfstæð í sínu námi, viljinn var til staðar en dvínaði síðan, meira hjá Ara en Jönu. Þetta sýnir hversu mikilvæg þátttaka foreldra er. Ari og Jana höfðu viljann til þess að læra en engan til að hvetja sig áfram, hjálpa sér eða til að ræða um skólann almennt. Hjá þeim Ara og Jönu skorti þessar

fyrirmyndir og hvatningu með fyrrgreindum afleiðingum. Það var ekki að heyra á Ara annað en að honum þyki vænt um mömmu sína og hann viti að uppeldið sem hann fékk var af vanhæfri konu. Hann gerði sitt besta til þess að vera duglegur í skóla, þó svo að kraftar hans til þess hafi ekki dugað lengi. Hann var staðráðinn í því að fara í framhaldsskóla og fá menntun. Það var þá helst það sem vanrækslan sem hann hafði orðið fyrir hafði áhrif. Það var skortur á baklandi sem gerði það að verkum að hann náði ekki að klára framhaldsskólamenntun og ná sér í stúdentspróf.

Þrjár af fjórum kvenkyns viðmælendum í þessari rannsókn urðu mæður ungar, Andrea og Emma eignuðust barn á meðan þær voru ennþá í grunnskóla. Jana varð ófrísk stuttu eftir að hún kláraði grunnskóla. Að verða mæður svona ungar hafði mikil áhrif á menntun þeirra og varð stór hluti þess að báðar Andrea og Emma fóru ekki í framhaldsnám að loknum grunnskóla. Að vera móðir hafði áhrif á það að Jana hætti námi á meðan börnin hennar voru ung. Að vera foreldri ber margt með sér, hlutverk foreldra eru margvísleg, þeir þurfa að kenna þeim á mikilvæga þætti lífsins og hjálpa þeim að öðlast jákvætt viðhorf til þess að standa sig vel (Davis-Kean og Magnuson, 2009) ásamt því að fræða þau um kynlíf og barneignir. Að eiga barn sem er farið að stunda kynlíf í grunnskóla felur það í sér að það þarf að fræða og ræða við börnin. Þau fá kynfræðslu í grunnskóla en foreldrarnir þurfa líka að ræða þetta og þá um getnaðarvarnir í þessum tilfellum. Foreldrar sem eiga börn í þessari stöðu þurfa að vera í góðu samstarfi við skólann til að auka líkur á áframhaldandi menntun eftir að barnið fæðist, en í þessum tilfellum var það ekki gert. Ef Andrea og Emma hefðu verið á getnaðarvörnum hefðu þær líklegast ekki orðið ófrískar svona ungar og þá jafnvel haldið áfram í námi. Baklandið þeirra var samt sem áður ekki styðjandi svo það er ekki víst hvort það að eiga ekki barn hefði breytt einhverju hvað framhaldsmenntun varðar. Við vitum ekki hvaða áhrifaþáttur réði mestu um að þær heldu ekki áfram í námi, en þeir eru nokkrir.

Emma varð ófrísk á meðan hún var enn í grunnskóla og má rekja það að mörgu leiti til vanrækslunnar sem hún varð fyrir í æsku. Foreldrar hennar höfðu ekki auga með henni, settu henni ekki reglur né fræddu hana um kynlíf og getnaðarvarnir. Emma byrjaði ung að misnota fíkniefni og hefði fræðsla um fíkniefni þurft að fylgja kynfræðslunni. Foreldrar hennar skiptu sér ekki mikið af henni þegar hún komst á unglingsár og hafði hún engan útivistartíma, hún var ung farin að vera lengi úti, hundsa skóla, farin að drekka áfengi og nota fíkniefni. Fíkniefnaneysluna og mögulega annað í fari Emmu hefði mátt koma í veg fyrir með meiri

þátttöku foreldra hennar. Niðurstöður rannsókna sýna að með þátttöku foreldra í starfi skólans og með góðum viðhorfum geta þeir haft góð áhrif á líðan og sjálfstraust. Það minnkar líkur á því að barnið leiðist út í fíkniefnaneyslu (Reykjavík.is, e.d). Hún varð fljótt aftur ófrísk og eignaðist sitt annað barn. Eftir að yngra barnið fæddist fór hún fljótlega á ný að misnota fíkniefni og ekki leið á löngu þar til barnaverndarnefnd var farin að fylgjast með henni með fyrrgreindum afleiðingum. Hún missti forræði yfir báðum börnum sínum, hún fær að hitta þau tvisvar sinnum á ári. Ef foreldrar hennar höfðu veitt henni meiri athygli, hjálpað henni með námið og séð til þess að hún fengi þær greiningar sem við hana áttu, þá væri staðan án efa önnur í dag. Vanrækslan var algjör og hefur haft slæmar afleiðingar í för með sér. Það er á ábyrgð foreldra að sjá til þess að bakgrunnur barnsins sé traustur, að þau mennti sig, stundi nám og að vera til staðar fyrir þau. Afleiðingar æskunnar, fíknarinnar og þess frjálsræðis sem hún hafði leiddi til þess að hún missti forræði yfir ungum börnum sínum sem hún fær að hitta mjög takmarkað. Hún er hvern dag að vinna í sínum vanda sem er stór, og enn án hjálpar foreldra sinna.

Samkvæmt rannsókn Jónínu og Geirs (2015) geta uppeldisaðferðir haft skaðleg áhrif á heilsu í æsku og fram á fullorðinsár. Viðmælendur rannsóknarinnar bera allir þess merki að hafa af einhverju leyti, litlu eða meiri verið vanræktir í æsku. Andrea bar það með sér á ýmsan máta, m.a. sýndi það þegar hún var sjálf að ala upp barn sem gekk í grunnskóla, hún gerði það sama og foreldrar hennar höfðu gert, hún veitti námi dóttur sinnar ekki mikla athygli. Það var ekki fyrr en sambýlismaður hennar kom til og sýndi henni hvernig foreldrar eiga að bera sig að við nám barna sinna. Það þarf að hjálpa þeim, hvetja áfram og spyrja út í skólann og annað honum tengdum. Foreldrar þurfa líka að veita viðburðum á vegum skólans athygli því þeir tengjast börnunum og með sýndum áhuga á því sem barnið er að gera í skólanum sýnir foreldri barninu virðingu sem þá á skilið.

Vanrækslan sem Hildur upplifði hafði áhrif á hana og hún reynir að gera sitt besta til að vera andstæða foreldra sinna þegar kemur að því að sýna dóttur hennar og því sem hún er að gera athygli. Hún er í foreldrafélagi leikskóla hennar, hún fer með henni á allar æfingar ásamt því að virkja dóttur sína og hvetja hana til tómsunda. Dóttir hennar er ennþá ung og er á þeim aldri að foreldrar verða að fylgja henni á æfingar og annað sem hún getur stundað, en Hildur er staðráðin í því að standa við hlið hennar í öllu. Hún ætlar að bjóða sig fram sem sjálfboðaliði eða annað sem kemur til með að verða í boði fyrir foreldra í því sem tengist

tómstundum sem hún stundar. Hildur er ákveðin í því að fylgja dóttur sinni í öllu, ólíkt því sem foreldrar hennar gerðu þegar hún var að alast upp. Andrea og Hildur koma öðruvísi út úr uppeldinu sem þær fengu. Andrea hélt í byrjun áfram á þeim vegi sem foreldrar hennar voru á, þ.e.a.s. hún breytti ekki aðferðum foreldra sinna, annað en Hildur sem gerði andstætt við það hvað foreldrar hennar gerðu. Hildur áttaði sig á því að þetta hafði slæm áhrif á hana og upplifun hennar af því að hafa ekki foreldra sína nálægt í því sem hún var að gera var neikvæð. Andrea áttaði sig ekki á því hvaða áhrif þetta hafði á hana fyrr en henni var sýnt það af núverandi sambýlismanni sínum. Hún áttaði sig á neikvæðri umræðu foreldra sinna og fannst það ekki áhugavert sem mamma hennar reyndi að kenna henni og systkinum hennar á kerfið en hún áttaði sig ekki á því hversu slæm áhrif þetta hafði á skólagöngu hennar og það hvernig hún stóð að skólamálu dóttur sinnar.

Umræðukafli þessarar rannsóknar er skrifaður á fordæmalausum tímum, þ.e. á tímum alheimsfaraldurs sjúkdóms sem nefndur er Covid 19. Farsóttin hefur mikil áhrif um heim allan og er áhugavert að þær afleiðingar út frá rannsóknarefninu. Skólar og leikskólar starfa með mjög óvenjulegu sniði, sumir eru alveg lokaðir á meðan aðrir eru opnir einn til þrjá daga í einu fyrir nemendum sínum. Umræða hefur skapast um ástandið á heimilum á meðan á samkomubanni stendur. Fjölskyldur eru meira heima og því fylgir aukið álag. Foreldrar hafa þurft að taka upp heimakennslu og kenna börnum sínum heima. Umfjöllunarefni rannsóknarinnar er einmitt um það hvort foreldrar sinni námslegum þörfum barna sinna og hvort þeir séu í stakk búnir að aðstoða þau. Skólastjórnendur hafa beðið kennara um að hafa alla heimavinnu í hófi til að koma til móts við breyttar aðstæður á heimilum. Auknu álagi fylgir oft stress, sumir foreldrar þurfa að vinna meira en venjulega vegna stéttar sinnar og eiga þar að leiðandi erfiðara með að aðstoða börnin sín á meðan aðrir eru meira heima en vanalega. Það að fjölskyldur séu meira og minna saman heima getur bæði haft góð áhrif sem og slæm. Á heimilum þar sem þessi staða er til hins verra búa oft á tíðum börn sem gjalda fyrir það með því að verða fyrir eða verða vitni af heimilisofbeldi. Að hafa takmarkað aðgengi að ömmum, öfum, öðrum fjölskyldumeðlimum og vinum getur verið slæmt fyrir börnin þar sem þau geta ekki farið út af heimilinu

Þeir foreldrar sem sinna almennt ekki námi barna sinna undir venjulegum kringumstæðum gera það án efa ekki núna á þessum óvenjulegu tímum. Börn þeirra foreldra eiga líklegast erfitt um þessar mundir og eiga örugglega erfiðara með það að halda í við

bekkjafélagana. Einnig er líklegt að þeir eigi í hættu á að dragast aftur úr í námi og lenda þar að leiðandi í erfiðum vítahring þar sem þeir fá ekki hjálp frá foreldrum við að leysa. Foreldrar af erlendum uppruna halda frekar börnum sínum í sóttkví af eigin ákvörðun frekar en íslenskir foreldrar og það eru þeir nemendur sem undir venjulegum kringumstæðum eru í meiri hættu á því að hætta í skóla og fara síður í framhaldsnám eins og segir í rannsókn Garðars Haukssonar og Ólafar Garðarsdóttur um stöðu og afdrif ungra innflytjenda og einstaklinga með erlendan bakgrunn í íslenskum skólum. Þessar aðstæður eru þess vegna ekki hjálplegar á annars erfitt ástand hjá sumum. Áhyggjuefnið er alvarlegt og snýr að börnunum í mörgum tilfellum. Það kemur í hlut kennara að fylgjast með þeim börnum sem ekki koma í skólann á þessum tímum með því að vera í sambandi við foreldra símléiðis og margir hverjir tala við nemendur sína í gegnum ýmiskonar samskiptaforrit. Það gefur þeim möguleikann á því að ræða við kennarann sinn um jákvæða og neikvæða hluti eftir því sem við á. Þetta er líka aukið aðhald og gerir það vonandi að verkum að nemendur og foreldrar standi sig í heimakennslu eins og best verður á kosið.

4.4 Leiðir til að auka samskipti foreldra og skóla

Niðurstöður rannsóknarinnar renna stoðum undir þær fullyrðingar að fylgnin milli menntunarstigs foreldra og lítils áhuga á námi barna þeirra sé umtalsverð, þó það sé alls ekki algilt. Niðurstöður benda til að í mörgum tilvikum sé áhugaleysi foreldra ekki ásetningur þeirra, heldur kunnáttuleysi eða reynsluleysi á því hvernig samskipti milli foreldra og skóla eigi að vera og hvernig á að nálgast þau samskipti.

Til mikils er að vinna með því efla samskipti foreldra og skóla. Það mætti gera með því efla upplýsingagjöf til foreldra til muna með markvissum hætti, allt frá því að börnin hefja sína skólagöngu. Gera þarf foreldrum skilmerkilega grein fyrir hvernig upplýsingagjöf varðandi námsferil barnsins verði háttáð en einnig að upplýsa foreldra um þeirra eigin skyldur. Tillögur að því hvernig mætti útfæra þessa upplýsingagjöf er sett fram hér að neðan. Skólar beita ýmislegum aðferðum við upplýsingagjöf, en möguleikarnir hafa aukist mikið með aukinni tækniþróun.

Viðmælendur rannsóknarinnar virðast lýsa aðstæðum þar sem foreldrum hafi mistekist að uppfylla jafnvel eina einustu af þeim sex viðmiðunum sem Epstein setti fram um samstarf foreldra og skóla sem líst hefur verið fyrri köflum. Taka skal þó fram að niðurstöður

byggja á upplifun þeirra einstaklinga sem talað var við. Þetta bendir til að um sé að ræða tilfelli þar sem foreldrar hafi ekki búið börnum sínum aðstæður sem studdu við menntun, foreldrar hafi ekki verið upplýstir um námið, foreldrar hafi ekki tekið þátt í skólaviðburðum, foreldrar hafi ekki aðstoðað börnin við heimanám og foreldrar hafi ekki hvatt til þátttöku í tómstundum eða félagslífi. Erfitt er leggja nákvæmt mat á hvort aukin áhersla á samskipti foreldra og skóla hefði skipt sköpum í þessum tilfellum. Viðmælendum leið almennt ekki vel í skólanum og því má leiða líkum að því að ástæður þess séu bæði vegna aðstæðna heima fyrir en einnig að skólaumhverfið hafi verið þannig að viðmælendur hafi ekki náð að njóta sín eða sýna sína hæfileika. Því er mikilvægt að skólayfirvöld hafi skýra stefnu og geri hvað sem þau geta til að tryggja góð samskipti við foreldra nemenda.

Hér að neðan er upptalning á atriðum sem skólar geta nýtt sér til að efla samskipti við foreldra. Meiri líkur eru á að ná til fleiri foreldra ef upplýsingagjöf frá skóla er skilvirk og þeir hvattir til að taka þá í skólastarfinu:

- Fræðsluefni til foreldra um hvað þeir geti gert til að styðja við nám barna. Fræðsluefni um neikvæðar afleiðingar þess að börnum sé sýnt áhugaleysi í námi. Fræðsluefni á móturmáli foreldra séu þeir af erlendum uppruna um hvers er til ætlast af þeim og hvernig þeir eigi að bera sig að til að ná að uppfylla þær skyldur.
- Áætlanir: Skýr markmið um námsárangur og framvindu. Kennarar setji markmið í samráði við foreldra og fræði þá um hvernig þeir geti aðstoðað börnin við að uppfylla sett markmið. Opna enn frekar á tækifæri til þess að sveigjanleiki ríki við gerð námsáætlana og hægt sé að sníða einstaklingsmiðaðar áætlanir þannig að hver nemandi geti hámarkað sína hæfileika.
- Notkun nútímatækni – Innri vefir, tölvupósti, Facebook-síður, túlkun á mismunandi tungumálum, rafræn einkunnaspjöld. Markmiðað að stytta eins og hægt er samskiptaleiðir milli foreldra og kennara eða skólayfirvalda.
- Forvarnir til bæði foreldra og nemenda um slæmar afleiðingar þess ef ekki ríkir samvinna og jákvæð samskipti heima fyrir. Gera foreldrum og nemendum grein fyrir þeim úrræðum sem hægt er að nýta sér til að bæta samskiptin og auka jákvæðni til náms.

- Stöðug samskipti þar gefin eru tækifæri á tvíhliða samskiptum milli foreldra og skóla. Tekið sé tillit til aðstæðna foreldra hverju sinni og unnið með þeim til þess að nemendum líði vel og nái að standast námsviðmið.

Að ofan er upptalning á atriðum sem bæði komu fram í viðtölum og byggja á reynslusögum um það hvernig má bæta samskipti aðila skólasamfélagsins. Tekið skal fram að gott starf er unnið á þessu sviði að mörgu leiti í dag, en tækifærin eru svo sannarlega til staðar til þess að gera betur. Reglugerð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins leggur góðan grunn fyrir skólayfirvöld til þess að móta sér starfsreglur og stefnu um samskipti við bæði nemendur og foreldra.

4.5 Leiðir til að styðja við nemendur sem njóta ekki stuðnings heima fyrir

Mikið hefur verið rætt um mikilvægi þess að foreldrar sýni börnum stuðning í þessari umfjöllun og tillögur til þess að efla samskipti foreldra og skóla. Ljóst er þó að ekki er hægt að virkja alla foreldra til að sýna námi barna sinna áhuga, hver sem ástæðan er fyrir því í einstaka tilfellum. Því er mikilvægt að ferlar séu til staðar í skólakerfinu til þess að gefa börnum þessara foreldra tækifæri til þess að njóta menntunar og nýta hæfileika sína. Erfiðara er um vik að tryggja börnum sem njóta ekki stuðnings heima fyrir sjálfstraust sem er líklegra til að vera lægra og skortur á trú á eigið ágæti.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að kennarar og skólastarfsmenn séu almennt hikandi við að tilkynna grunsemdir um vanrækslu eða ofbeldi. Starfsmenn velti fyrir sér skilgreiningum á vanrækslu og hvort það sé tilfellið hverju sinni, almennu viðhorfi til hlutverks kennara og hverjar verði afleiðingarnar ef þeir tilkynni grun sinn til skólayfirvalda (Rossen, Eric & Hull, Robert, 2012). Samkvæmt reglugerð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um ábyrgð skólastarfsmanna er kveðið á um tilkynningarskyldu komi upp grunur um að nemendur líði vanrækslu eða ofbeldi heima fyrir. Mikilvægt er að kennurum sé gerð grein fyrir þessari skyldu sinni og að ferlar séu til staðar sem auðveldi þeim að tilkynna um grun um vanrækslu, sem styðja við kennarana og verndi þá. Komi upp grunur um að nemendur búi við óviðunandi heimilisaðstæður er grunnatriði að til staðar sé í skólanum starfsumhverfi og starfsmenn sem nemandinn treystir. Ræða þarf við nemandann

um heimilisaðstæður á yfirvegaðan hátt og forðast að dæma fyrir fram (Rossen, Eric & Hull, Robert, 2012). Ástæður aðstæðna heima fyrir sem flokkast megi sem óviðunandi geta verið ýmis konar og jafnvel óafvitandi foreldrum hverju sinni. Því er mikilvægt að tekið sé á ástandinu á þann hátt að nemandinn beri fullt traust til skólans.

Aðferðir til að styðja við nemanda sem ekki nýtur stuðnings heima fyrir eru margskonar. Hafa ber þó í huga að mikilvægi heimilisaðstæðna er það mikið að erfitt getur verið að bæta upp fyrir þær þótt gripið sé til allra viðeigandi aðgerða. Þétt stuðningsnet innan skólaumhverfisins, sem byggðir á námslegum og félagslegum þörfum nemanda er þó líklegt til að draga úr neikvæðum áhrifum og auka líkur á að nemendum gangi vel í námi.

Hér að neðan eru tillögur um hvernig byggja megi upp slíkt stuðningsnet, komi upp aðstæður þar sem heimilisaðstæður nemenda eru óviðunandi og þeir vanræktir heima fyrir.

- Persónulegt samband nemanda við umsjónarkennara eða skólastarfsmann - Markvisst sé unnið að því að tryggja vellíðan í skóla og að nemendur beri fullt traust til skólans. Einfaldasta boðleiðin er milli umsjónarkennara og nemenda, því er mikilvægt að kennarar séu vakandi yfir líðan nemenda sinna, leiðbeini þeim og séu í stakk búnir til að hjálpa þeim að finna viðeigandi úrræði komi upp atvik hvort sem er heima fyrir eða í skólanum.
- Félagslegt net – Einstaklingar mynda einstakt samband við jafnaldra sína og vini, sem ekki verða bætt upp með sambandi við fullorðin einstakling. Í aðstæðum þar sem nemendur njóta ekki stuðnings heima fyrir er mikil hætta á að þeir leiti að stuðningi, oft fölskum, á staði sem ekki er hollur fyrir þá. Til bóta væri ef verkferlar innan skólakerfisins væru til staðar þar sem kveðið er á um að myndun stuðningsnets strax og upp kemur vanræksla eða annað form neikvæðra aðstæðna heima fyrir. Félagslegt stuðningsnet væri skipað jafnöldrum nemandans og myndi vinna í nánu samráði við kennara og skólann í að auka þátttöku nemandans í félagsstarfi og með því bæta líðan.
- Sálræn aðstoð og framtíðarmótun – Mikilvægt er að nemendur í viðkvæmri stöðu vegna vandamála heima fyrir njóti stuðnings sérfræðinga, s.s. sálfræðings. Innan veggja skólans er þó hægt að sinna ýmissi vinnu til að styðja við nemanda í slíkri stöðu. Unnið sé náíð með nemandanum, áhugasvið hans greint og áætlun mótuð um

námsferil og framtíðardrauma. Lykilstarfsmenn í þessari vinnu væru t.d. umsjónarkennari og námsráðgjafi.

5 Tillaga að frekari rannsóknum

Rannsóknin sem kynnt hefur verið í þessari ritgerð er innlegg í umræðu um hvernig bæði foreldrar og skólinn geta stutt við áhuga barna á námi og hjálpað þeim að sjá mikilvægi náms til framtíðar. Rannsóknin gefur einnig mynd af ástandi á heimilum þar sem börn njóta ekki stuðnings foreldra, þeim sýnt áhugaleysi á stigi sem flokka mætti sem vanrækslu. Rannsóknin er þó takmarkandi að því leiti að fjöldi þátttakenda er lítil endurspeglar ekki alla nemendur og því þarf að varast að alhæfa út frá niðurstöðum. Til að útvíkka skilning og vitneskju um rannsóknarefnið er mikilvægt að fleiri skyldar rannsóknir séu gerðar á efninu, þær geta annaðhvort stutt við þær niðurstöður sem ræddar hafa verið hér eða varpað ljósi á ný atriði sem ekki hafa komið fram áður.

Hér að neðan eru lagðar til tillögur að frekari rannsóknum á þessu sviði, þar sem beinar rannsóknir á afskiptaleysi foreldra hafa ekki verið framkvæmdar í miklum mæli, sér í lagi hér á landi.

- Eigindleg rannsókn þar sem þátttakendur eru foreldrar sem telja sig hafa sýnt börnum sínum skort á áhuga gagnvart námi þeirra.
- Rýnihópaviðtal þar sem fleiri einstaklingar sem upplifað hafa afskiptaleysi eða vanrækslu foreldra gagnvart námi ræða sína upplifun
- Rannsókn á fjölda einstaklinga sem ljúka ekki skyldunámi og ástæður þess.

Þau rannsóknarefni sem talin hafa verið upp hér að ofan gætu verið liður í því að auka skilning á rannsóknarefninu og gefa betri grunn fyrir ákvarðanatöku um hvernig megi taka á vandanum.

6 Lokaorð

Gríðarlegir samfélagslegir hagmunir felast í því að vel sé hlúð að líðan og velferð barna. Þar er einn mikilvægasti þátturinn líðan barna innan heimilis og skóla. Samspil þessara tveggja þátta í lífi barnsins skiptir oft sköpum um þroska og áhrif á námsferil barna og viðhorfi þeirra til náms.

Mikilvægi rannsóknarefnisins er mér mjög hjartnæmt og er mér hugleikið um að það verði rannsakað nánar. Mun ég leitast eftir því að nýta mér þá kunnáttu sem ég hef aflað mér við rannsóknina í kennarastarfinu til framtíðar. Vilji er til þess að allir nemendur njóti jafnra möguleika til náms, en það missir að hluta gildi sitt ef aðstæður heima fyrir eru þannig að sum börn búi ekki við aðstæður sem ýta undir nám og styðja við þau tækifæri sem fylgja menntun. Því er gríðarlega mikilvægt að heimili og skóli séu í sem nánustu tengslum.

Niðurstöður benda til þess að í tilfellum þátttakenda rannsóknar hafi verið um meiriháttar afskiptaleyfi foreldra að ræða þegar kemur að námsferli allt frá unga aldri. Í flestum tilvikum má finna dæmi um vanrækslu á einu eða mörgum sviðum. Einhverjir viðmælendanna lýsa því að þeir sjálfir hafi tileinkað sér viðhorf foreldra sinna og jafnvel þegar við kemur þeirra eigin börnum. Ekki hafi verið um ásetning að ræða heldur þekkingarleysi. Þetta sýnir hversu gríðarlega mikilvægt foreldrasamstarf er og að samband milli heimilis og skóla sé sem öflugast.

Heimildaskrá

- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2010). Tengsl námsárangurs við viðhorf nemenda og foreldra til skólagöngu og við félagslegan bakgrunn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1(7), 60.
- Bandura, A. (1994). Self-efficacy. Í V.S Ramachandran (ritstjóri), *Encyclopedia of human behavior*: 4. bindi. New York: Academic Press.
- Baumrind, D. (1971). *Current patterns of paternal authority*. *Developmental Psychology*, 4(1, Pt. 2), 1-103. DOI: 10.1037/h0030372.
- Bong, M. (2008). Effects of Parent-Child Relationships and Classroom Goal Structures on Motivation, Help-Seeking Avoidance, and Cheating. *The journal of experimental education*, 76(2), 191-192. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/217670712/fulltextPDF/53C3109684513PQ/1?accountid=177961>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. London: SAGE.
- Cherry, Kendra. (2019, 17. júlí). *Uninvolved Parenting, Characteristics, Effects, and Causes*. Sótt af: <https://www.verywellmind.com/what-is-uninvolved-parenting-2794958>
- Davis-Kean, P. E. Magnuson, K. og Pettit, G. S. (2009). Educational attainment in developmental perspective: Longitudinal analyses of continuity, change, and progress. *Merril-Palmer Quarterly*, 55(3), 220. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/230137174/fulltextPDF/618505D1E3CE4518PQ/1?accountid=177961>
- Epstein J. L. (1995). School/Family/Community Partnership. *Caring for Children We Share. Phi Delta Kappan*. 76, 701-712.
- Freydís J. Freysteinsdóttir. Endurtekinn misbrestur í uppeldi barna: Helstu áhættuþættir. Rannsóknir í félagsvísindum V, erindi flutt á ráðstefnu í október 2004. Úlfar Hauksson ritstýrði. Félagsvísindadeild.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2002, 6. mars). *Hefur slæmt uppeldi (foreldrar hóta þér sífelld einhverju illu) áhrif á framtíð þína? Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=2158>
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2002). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF), 2. útgáfa*. Barnaverndarstofa. Reykjavík.
- Gerður G. Óskarsdóttir (ritstjóri). (2014). *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðrún Pálmadóttir (2013). Matstæki í rannsóknum: Öflun gagna um færni, þátttöku og umhverfi fólks. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 197-209). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

- Helga Jónsdóttir (ritstjóri). (2013). *Handbók í aðferðafræði rannsókna*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Hoover, W. A. og Gough, P. B. (1990). The simple view of reading. *Reading and writing*, 2(2), 127-160. Doi:10.1007/BF00401799
- Martinez, Araceli. (2015). *Parent involvement and its effects on student academic achievement*. California State University.
- Marzano, R. J. (2000). *A new era of school reform: Going where the research takes us*. Aurora CO: Mid-Continent research for education and learning.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur
- Menntamálastofnun. (2016). Af hverju samræmd könnunarpróf?. Sótt af <https://mms.is/af-hverju-samraemd-konnunarprof>
- Ingvar Sigurgeirsson, Ingibjörg Kaldalóns. (2006). Gullkista við enda regnbogans: Rannsókn á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur. Sótt af https://notendur.hi.is/ingvars/agi/Skyrsla_Hegdun_Lokagerd.pdf
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan
- Jónína Einarsdóttir, Geir Gunnlaugsson. (2015). *Algengi og margbreytileiki andlegs ofbeldis og reynsla af vænrækslu í æsku á Íslandi*. Læknablaðið 2015/101 (3), 145-150. DOI: 10.17992/lbl.2015.03.19
- Lichtman, M. (2013). *Qualitative research in education: A user's guide* (3. útgáfa). Los Angeles: Sage.
- Lilja M. Jónsdóttir. (2011). *Farsælt foreldrasamstarf: Hvað getur falist í því?* Reykjavík. Heimili og skóli.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hauksson. (2011). *Ungir innflytjendur og aðrir einstaklingar með erlendan bakgrunn í íslensku samfélagi og íslenskum skólum 1996–2011*. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/020.pdf>
- Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum (1040/2011). Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Reykjavik.is. (e.d.). *Foreldravefurinn, virkir foreldrar*. Sótt af: <https://reykjavik.is/foreldravefurinn/virkir-foreldrar>
- Rossen, Eric & Hull, Robert. (2012). *Supporting and Educating Traumatized Students: A Guide for School-Based Professionals*. Oxford University Press.

- Sigurborg Sturludóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Reynsla foreldra af grunnskólabyrjun barna sinna. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2008/014/index.htm>
- Sigurður Kristinsson (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71-88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurður J. Grétarsson, Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2006). „Hvaða aðferðir henta best til að ala upp börn“. Vísindavefurinn. Slóð: <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=6446#>
- Sigríður Halldórsdóttir (2013). Inngangur að aðferðafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 17-30). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Halldórsdóttir og Ragnheiður Harpa Arnardóttir (2013). Yfirlit yfir rannsóknarferlið. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 61-69). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir (2013). Réttmæti og áreiðanleiki í megindegum og eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 211-227). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Árný Elíasdóttir. (2009). Ræðum saman: Heima [Nemendabók]. Reykjavík: Námsgagnastofnun (frumútgáfa 1992).
- Vanræksla. Barnaheill. Reykjavík. Slóð: <https://www.barnaheill.is/is/starfid-okkar/verndum-born/vanraeksla>
- Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í megindegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 113-128). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Fylgiskjöl

6.1 Fylgiskjal 1 – Viðtalsrammi

1. Hvernig myndir þú lýsa þinni skólagöngu?
2. Fannst þér gaman og leið þér almennt vel í skóla?
3. Fannst þér námsefnið áhugavert?
4. Langaði þig að vera í skólanum/Leið þér almennt vel í skólanum?
 - a. Ef nei, veist af hverju?
5. Hver var þín upplifun á samstarfi foreldra/forráðamanna þinna og skólans (þessar spurningar tengjast kenningum Epstein)?
 - a. Voru heimilisaðstæður þannig að þær studdu við menntun?
 - b. Skoðuðu foreldrar þínir einkunnir og aðrar tilkynningar frá skóla og voru upplýst um námið almennt?
 - c. Tóku foreldrar þínir þátt í viðburðum á vegum skólans og skólastarfinu almennt?
 - d. Aðstoðuðu foreldrar þínir þig við heimanámið?
 - e. Hvöttu foreldrar þínir þig til þátttöku í tómstundum og öðrum félagslegum viðburðum?
6. Fannstu mun á foreldrum þínum hvað áhuga á skólagöngu þína varðar? Sem sagt voru sýndu foreldrar þínir mismikinn áhuga eða voru þeir samstíga?
7. Manstu hver skoðun foreldra þinna á skólanum og skólastarfinu var?
8. Hvert er menntunarstig foreldra þinna? Telur þú að menntunarstig foreldra þinna hafi haft áhrif á þinn námsferil?
9. Höfðu skoðanir foreldra þinna og viðhorf þeirra til náms áhrif á áhuga þinn á skólanum?
10. Heldur þú að það sé tenging á milli skoðana foreldra þinna og ástæðu þess að þú valdir að fara ekki í framhaldsnám?
11. Viltu útskýra það frekar?
12. Telur þú að meiri stuðningur frá foreldrum þínum hefði haft þau áhrif að þú hefðir frekar valið að fara í framhaldsnám?
 - a. Viltu útskýra það betur?

13. Hvaða þáttur telur þú mikilvægastan í því að þú ákvaðst að fara ekki í framhaldsnám og af hverju?
- a. Foreldrar
 - b. Vinir
 - c. Skólinn
14. Héldu helstu vinir þínir áfram í námi lengur en þú? Höfðu vinasambönd mikil áhrif á að þú ákvaðst að hætta í námi. Jafnvel fremur en stuðningur foreldra?
15. Enda viðtalið á að spyrja hvort viðkomandi hafi einhverju að bæta við.

6.2 Fylgiskjal 2 – Upplýst samþykki



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Upplýst samþykki

Rannsókn þessi ber heitið Áhrif áhugaleysis foreldra á námsárangur barna. Rannsakandi er Valgerður Erla Óskarsdóttir, meistaranemi í kennaradeild við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi er Halla Jónsdóttir aðjúnkt. Markmiðið með rannsókninni er að sýna fram á hvað afleiðingar vanrækslu við heimanám og skólastarf almennt getur haft á börn.

Þátttaka í rannsókninni felst í því að veita rannsakanda innsýn í líf þeirra eins og það var í æsku.

Vanræksla foreldra verður skoðuð út frá sjónarhorni þátttakenda.

Allar upplýsingar sem fram koma verða farnar með sem trúnaðarmál, fyllstu nafnleyndar verður gætt ásamt því að staðir sem þátttakendur bjuggu á eða búa á í dag verða ekki nefndir. Upprunalegum gögnum verður eytt að rannsókn lokinni.

Rannsakandi hefur veitt mér nægilegar upplýsingar svo ég geti gefið upplýst og óþvingað samþykki mitt fyrir þátttöku í rannsókn þessari. Ég hef kynnt mér ofangreindar upplýsingar. Ég geri mér grein fyrir því að ég geti hætt þátttöku hvenær sem er á meðan rannsókn stendur yfir.

Ég undirritaður veiti hér með samþykki mitt.

Staður og dagsetning

Undirskrift þátttakanda

Undirskrift rannsakanda
